


Aðalfundur Breiðabliks



2020

AÐALFUNDUR BREIÐABLIKS 2020

Efnisyfirlit ársskýrslu

DAGSKRÁ.....	3
FUNDARGERÐ AÐALFUNDAR BREIÐABLIKS 2019	4
LÖG BREIÐABLIKS	7
REGLUGERÐ UM HEIÐURSVEITINGAR.....	11
REGLUGERÐ UM VEITINGU BIKARA Á AÐALFUNDI BREIÐABLIKS	12
HEIÐURSVEITINGAR.....	13
SKÝRSLA AÐALSTJÓRNAR 2019 - 2020	17
SKÝRSLA ÍÞRÓTTASKÓLA 2019 – 2020	23
ELDRI BORGARA LEIKFIMIN 2019 – 2020	24
SKÝRSLA GETRAUNANEFNDAR 2019 – 2020	26
ÁRITUN STJÓRNAR.....	28
ÁRITUN ÓHÁÐS ENDURSKOÐANDA	29
SAMSTÆÐUREIKNINGUR BREIÐABLIKS.....	31
ÁRITUN SKOÐUNARMANNA	36
ÁRSREIKNINGUR AÐALSTJÓRNAR.....	37
ÁRSSKÝRSLA FRJÁLSÍÞRÓTTAÐEILDAR BREIÐABLIKS	46
ÁRSSKÝRSLA HJÓLREIÐAÐEILDAR BREIÐABLIKS.....	51
ÁRSSKÝRSLA KARATEÐEILDAR BREIÐABLIKS	51
ÁRSSKÝRSLA KNATTSPYRNUÐEILDAR BREIÐABLIKS	58
ÁRSSKÝRSLA KRAFTLYFTINGAÐEILDAR BREIÐABLIKS	61
ÁRSSKÝRSLA KÖRFUKNATTLEIKSÐEILDAR BREIÐABLIKS.....	61
ÁRSSKÝRSLA SKÁKÐEILDAR BREIÐABLIKS	70
ÁRSSKÝRSLA SKÍÐAÐEILDAR BREIÐABLIKS.....	73
ÁRSSKÝRSLA SUNDÐEILDAR BREIÐABLIKS	75
ÁRSSKÝRSLA TAEKWONDODEILDAR BREIÐABLIKS	78
ÁRSSKÝRSLA ÞRÍÞRAUTARÐEILDAR BREIÐABLIKS.....	79

Dagskrá

Aðalfundur Breiðabliks 2020

haldinn í veitingasal Smárans fimmtudaginn 14. maí 2020 kl. 17.00

1. Kosning fundarstjóra, ritara og kjörbréfanefndar
2. Formaður leggur fram skýrslu aðalstjórnar
3. Kjörbréfanefnd skilar álitinu sínu
4. Endurskoðaður ársreikningur lagður fram til samþykktar
5. Kosning um lagabreytingar
6. Kosning formanns
7. Kosning þriggja stjórnarmanna
8. Kosning löggilts endurskoðanda eða endurskoðunarfélags
9. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga
10. Umræður um málefni félagsins og önnur mál

Fundargerð aðalfundar Breiðabliks 2019 sem haldinn var í Smáranum fimmtudaginn 2. maí kl. 17.00

1. Kosning starfsmanna fundarins

Sveinn Gíslason bauð fundargesti velkomna og setti fundinn. Gerði hann tillögu um að Hannes S. Jónsson yrði fundarstjóri sem var samþykkt. Fundarstjóri tók við stjórn fundarins. Gerði hann tillögu um að ritari fundarins yrði Þórólfur Heiðar Þorsteinsson sem var samþykkt. Sömuleiðis gerði hann tillögu um að Sigurður Hauksson, Sigmar Ingi Sigurðarson og Hrafnhildur Gísladóttir yrðu skipuð í kjörbréfanefnd. Tók kjörbréfanefnd þegar til starfa. Að því loknu bauð fundarstjóri formanni Breiðabliks, Sveini Gíslasyni, upp í pontu til að gera grein fyrir skýrslu aðalstjórnar.

2. Skýrsla stjórnar

Sveinn Gíslason fór yfir skýrslu stjórnar en hana er að finna í ársskýrslu Breiðabliks fyrir árið 2019. Fundarstjóri þakkaði Sveini fyrir greinargóða skýrslu. Fundarstjóri bauð fundarmönnum um að tjá sig um skýrslu stjórnar en enginn óskaði eftir því. Í kjölfarið bauð hann Sigurði Haukssyni, formanni kjörbréfanefndar, upp í pontu. Gerði Sigurður grein fyrir að heildarfjöldi atkvæða á löglegum fundi væru 39 en mætt væri fyrir 25 atkvæði. Ekki var mætt af hálfu sunddeildar og þríbrautardeildar. Fundarstjóri bauð síðan Eysteini Pétri Lárussyni, framkvæmdarstjóra, upp í pontu til að gera nánari grein fyrir endurskoðuðum ársreikningi félagsins.

3. Endurskoðaður ársreikningur lagður fram til samþykktar

Eysteinn Pétur byrjaði á því að gera grein fyrir rekstrartekjum, rekstrargjöldum og fjármagnstekjum/-gjöldum

á samstæðugrundvelli. Að því loknu fór hann yfir efnahagsreikning og sjóðstreymi. Fundarstjóri þakkaði Eysteini fyrir greinargóða lýsingu á endurskoðuðum ársreikningi. Bauð hann fundargestum að gera athugasemdir sem engar voru. Bar svo fundarstjóri ársreikning undir fundinn og var hann samþykktur.

4. Kosning um lagabreytingar

Fundarstjóri lagði fyrir fundinn tillögur um lagabreytingar í heild sinni sem höfðu legið á skrifstofum félagsins öllum til upplýsingar. Bauð fundarstjóri fundargestum að gera athugasemdir en engar athugasemdir voru gerðar. Bar fundarstjóri tillöguna undir fundinn og var hún samþykkt.

5. Kosning formanns

Fundarstjóri lagði fyrir fundinn tillögu uppstillingarnefndar um að Sveinn Gíslason yrði formaður félagsins. Var það samþykkt með lófataki. Lýsti fundarstjóri Svein því löglega kjörinn formann.

6. Kosning sex stjórnarmanna

Fundarstjóri benti fundargestum á að skv. nýsamþykktum lagabreytingum væri nú kosnir þrír stjórnarmenn til eins árs og þrír stjórnarmenn til tveggja ára. Tillaga uppstillingarnefndar var að Guðmundur Sigurbergsson, Ásgeir Baldurs og Þórólfur Heiðar Þorsteinsson yrðu kosnir til tveggja ára. Var það samþykkt með lófataki. Einnig var það tillaga uppstillingarnefndar að Halla Garðarsdóttir, Björgvin Gestsson og Steini Þorvaldsson yrðu kosin til eins árs. Var það samþykkt með lófataki.

7. Kosning löggilts endurskoðanda

Fundarstjóri gerði tillögu um að Jón Þ. Hilmarsson yrði endurskoðandi félagsins, sem var samþykkt með lófataki.

8. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga

Fundarstjóri gerði tillögu um að Sigurjón Valdimarsson og Jóhann Geir Harðarson yrðu skoðunarmenn sem var samþykkt með lófataki.

9. Umræður um málefni félagsins og önnur mál

Fundarstjóri bauð Eysteini P Lárussyni upp í pontu til að veita viðurkenningar.

Heiðurveitingar:

Félagsmálabikar: Pétur Ómar Ágústsson

Deildarbikar: Hjólreiðadeild

Þjálfarabikar: Þorsteinn Halldórsson

Afreksblikki karlar: Ingvar Ómarsson

Afreksblikki konur: Agla María Albertsdóttir

Afrekshópur Breiðabliks:
Meistaraflokkur kvenna í knattspyrnu

Gullblikki

Hannes Sigurbjörn Jónsson

Silfurblíki

Björg Jónsdóttir
Heimir Snær Jónsson
Óðinn Sörli Ágústsson
Ólafur Ágúst Ólafsson
Sigríður Jóna Helgadóttir
Sóley Ægisdóttir
Valgerður Helga Sigurðardóttir

Fundarstjóri bauð fundargestum upp á að koma spurningar eða athugasemdir undir liðnum umræður um málefni félagsins og önnur mál.

Andrés Pétursson spurði hvort Kópavogsvöllur yrði tilbúinn fyrir fyrsta leik í Pepsi Max deildinni. Eysteinn sagði að því miður myndi það ekki nást og að undirbúningur væri hafinn að finna annan stað fyrir leikinn.

Áslaug Pálsdóttir frá frjálsíþróttadeild bað um orðið. Lagði hún fram texta á fundinum og óskaði eftir að það væri bókað í fundargerð sem var svohljóðandi:

„Stjórn Frjálsíþróttadeildar Breiðabliks harmar þá stöðu sem upp er komin í aðstöðumálum deildarinnar. Ljóst er að Kópavogsvöllur verður ekki nothæfur sem keppnisvöllur í framtíðinni auk þess sem utanhússæfingaaðstaða (sic) deildarinnar er að mestu ónýtt. Þær aðgerðir sem eiga að bæta iðkendum þetta upp munu ekki koma til framkvæmda fyrr en eftir að utanhússtímabilinu lýkur. Staðan leggst þungt á iðkendur og bætist ofan á þá staðreynd að innanhússaðstaða deildarinnar er óviðunandi. Stjórnin lýsir yfir þungum áhyggjum af stöðu mála og óskar eftir framtíðarsýn fyrir hlaupabrautina á Kópavogsvelli og aðstöðu deildarinnar í heild með tilvísun í 2. gr laga Breiðabliks en þar segir: „Tilgangur félagsins er að skapa félagsmönnum sínum aðstöðu og tækifæri til að iðka íþróttir og hvers konar félags- og tómstunda-starfsemi.““

Fundarstjóri lagði til að framangreindur texti yrði lagður fram sem áskorun til aðalstjórnar, m.a. um að koma þeim boðskap áfram til viðeigandi yfirvalda, svo sem bæjarins. Var sú tillaga fundarstjóra samþykkt með lófataki.

Sveinn tók að síðustu til máls, þakkaði góðan fund og sleit fundi.

Fleira ekki gert og fundið slitið 18:45.

Lög Breiðabliks

Nafn

1. grein

Félagið heitir Breiðablik og er ungmennafélag. Heimili félagsins og varnarþing er í Kópavogi.

Markmið

2. grein *****

Tilgangur félagsins er að skapa félagsmönnum sínum aðstöðu og tækifæri til að iðka íþróttir og hvers konar félags- og tómstundastarfsemi. Jafnframt að efla samstöðu og samkennd bæjarbúa með þátttöku í starfi félagsins.

Félagar

3. grein

Félagi telst hver sá sem þess óskar eða tekur þátt í starfi félagsins. Skal félagi skráður í eina eða fleiri deildir sem starfræktar eru í félaginu. Aðalstjórn heldur skrá yfir féлага með aðstoð deilda. Aðalstjórn getur vikið féлага úr félaginu fyrir stórfellt brot á félagsreglum.

Merki og búningur

4. grein

Merki félagsins er hvítur kyndill með rauðum loga á grænum grunni. Fyrir neðan miðju kyndilsins er letrað BREIÐABLIK. Aðallitur keppnis- og æfingabúninga félagsins er grænn.

Skipulag

Aðalfundur félagsins

5. grein *****

Aðalfundur félagsins hefur æðsta vald í öllum málefnum þess. Hann skal haldinn eigi síðar en 15. Maí ár hvert. Til aðalfundar skal boða með tilkynningu í dagblöðum og á heimasíðu félagsins með minnst tveggja vikna fyrirvara. Aðalfundur er lögmætur ef löglega er til hans boðað.

Allir félagar hafa rétt til að bjóða sig fram til setu í aðalstjórn að undanskildum stjórnarmönnum deilda félagsins og starfsmönnum félagsins. Skriflegu framboði skal skila til framkvæmdastjóra félagsins að lágmarki viku fyrir boðaðan aðalfund.

Aðalstjórn skal kosin á aðalfundi og skal hún skipuð sjö einstaklingum. Formaður skal kosinn beinni kosningu á hverjum aðalfundi. Stjórnarmenn skulu kosnir til tveggja ára, þannig að þrír stjórnarmenn eru kosnir á hverju ári.

Aðalstjórn skal skipa þriggja manna uppstillinganefnd með hæfilegum fyrirvara fyrir aðalfund. Skal hún skipuð þremur almennum félagsmönnum. Tillögu sinni skal uppstillinganefnd skila til framkvæmdastjóra félagsins eigi síðar en viku fyrir aðalfund.

Skal tillaga uppstillingarnefndar ásamt framkomnum framboðum liggja frammi á skrifstofu félagsins til fundardags.

Allir félagar eldri en 18 ára hafa tillögurétt um lagabreytingar. Tillögur um lagabreytingar skulu berast framkvæmdastjóra félagsins eigi síðar en viku fyrir aðalfund og skulu þær liggja frammi á skrifstofu félagsins til fundardags.

Rétt til setu á aðalfundi með málfrelsi og tillögurétti eiga allir félagar eldri en 18 ára.

Hver deild fær að lágmarki tvö atkvæði á aðalfundi en til viðbótar eitt atkvæði fyrir hverja 100 iðkendur. Þó getur ein deild aldrei fengið meira en 1/3 heildarfjölda atkvæða. Miða skal við iðkendur 19 ára og yngri samkvæmt upplýsingum sem sendar eru til Kópavogsbæjar vegna undangengins starfsárs. Aðalstjórn skal samhliða boðun aðalfundar reikna út fjölda atkvæða og tilkynna stjórnnum hvernar deildar viku fyrir aðalfund.

Stjórn hverrar deildar er í sjálfvald sett að velja fulltrúa á aðalfund sem hafa atkvæðisrétt. Fundarstjóri aðalfundar skal sjá til þess að haldin sé skrá yfir fundarmenn sem hafa atkvæðisrétt áður en gengið er til atkvæðagreiðslu. Formaður aðalstjórnar setur aðalfund. Skal hann hefja dagskrá aðalfundar sem skal vera sem hér segir:

1. Kosning fundarstjóra, ritara og kjörbréfanefndar
2. Formaður leggur fram skýrslu aðalstjórnar
3. Kjörbréfanefnd skilar álitinu sínu
4. Endurskoðaður ársreikningur lagður fram til samþykktar
5. Kosning um lagabreytingar
6. Kosning formanns
7. Kosning þriggja stjórnarmanna
8. Kosning löggilts endurskoðanda eða endurskoðunarfélags
9. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga
10. Umræður um málefni félagsins og önnur mál

Á aðalfundi ræður meirihluti atkvæða úrslitum mála. Til þess að breyta lögum félagsins þarf þó 2/3 hluta greiddra atkvæða. Enginn getur farið með fleiri en eitt atkvæði á aðalfundi. Falli atkvæði jöfn ræður hlutkesti

Félagsfundur

6. grein** *****

Aðalstjórn félagsins skal kalla saman félagsfund, þegar þörf krefur. Skytt er henni að boða til slíks fundar, ef meirihluti deilda félagsins krefjast þess skriflega, enda sé tilkynnt um fundarefni sem þær óska að sett verði á dagskrá.

Boða skal til félagsfundar með sama hætti og aðalfundur. Félagfundur og dagskrárefni skulu vera í samræmi við reglur 5. greinar þessara laga, eins og kostur er. Félagfundur hefur sama vald og aðalfundur.

Aðalstjórn

7. grein *****

Aðalstjórn framkvæmir stefnu aðalfundar, stýrir málefnum félagsins á milli aðalfunda, vinnur að alhliða eflingu þess og gætir hagsmuna félagsins í hvívetna. Aðalstjórn kemur fram út á við fyrir hönd félagsins og skuldbindur félagið gagnvart þriðja aðila.

Aðalstjórn skal á fyrsta fundi sínum eftir aðalfund skipta með sér verkefnum. Stjórn skal að lágmarki kjósa um varaformann og ritara stjórnar. Aðalstjórn er ákvörðunarbær ef meirihluti stjórnar er viðstaddur fund. Einfaldur meirihluti ákvörðunarbærrar stjórnar ræður úrslitum við atkvæðagreiðslu. Aðalstjórn skal setja sér starfsreglur.

Úrdrátt úr fundargerðum aðalstjórnar skulu gerðar opinberar á heimasíðu félagsins eigi síðar en tveimur vikum eftir að fundar-gerð hefur verið samþykkt.

Aðalstjórn hefur umráðarétt yfir öllum sameiginlegum eigum félagsins og umsjón með rekstri þeirra og varðveislu.

Að minnsta kosti 2/3 hluta allra stjórnarmanna þarf til að:

- Veðsetja eignir félagsins
- Selja varanlega rekstrarfjármuni
- Kaupa fasteignir

Aðalstjórn ræður framkvæmdastjóra félagsins. Hann framkvæmir ákvarðanir aðalstjórnar og stýrir daglegum rekstri félagsins. Hann skal í starfi sínu kappkosta að hafa samráð við deildir félagsins og aðstoða þær eftir föngum í starfi sínu. Framkvæmdastjóri er prókúruhafi félagsins og hefur vald til að annast allt það sem snertir starfsemi félagsins. Meiriháttar ráðstafanir skal hann þó alltaf bera undir aðalstjórn til synjunar eða samþykktar í samræmi við starfsreglur stjórnar á hverjum tíma.

Aðalstjórn hefur heimild til að skipa starfsnefndir um framkvæmd tiltekinna verkefna. Slíkar starfsnefndir skulu skipaðar að lágmarki einum stjórnarmanni og allar meiriháttar eða óvenjulegar ákvarðanir skulu bornir fyrir aðalstjórn til samþykktar eða synjunar.

Aðalstjórn er heimilt að veita heimild til stofnunar nýrrar deildar tímabundið en skal leggja slíka ákvörðun um stofnun fyrir næsta aðalfund til samþykktar eða synjunar.

Aðalstjórn samræmir starf og stýrir sameiginlegum málum deilda, skipuleggur sameiginlega þjónustu innan félagsins og annast upplýsingamiðlun. Aðalstjórn setur reglur um fjárreiður og meðferð fjármuna sem gerðar skulu opinberar á heimasíðu félagsins. Í slíkum reglum skal m.a. kveðið á hvers konar fjárskuldbindingar deilda skuli leggja til samþykktar hjá aðalstjórn. Einnig hefur aðalstjórn eftirlit með fjárhag deilda og annarra starfseininga félagsins.

Aðalstjórn skal tryggja að gerð séu ársfjórðungsleguppgjör aðalstjórnar og allra deilda. Gerð ársreikninga aðalstjórnar og deilda skal lokið með nægilegum fyrirvara fyrir aðalfund hverrar einingar. Rekstraráætlanir aðalstjórnar og deilda skulu liggja fyrir í upphafi starfsárs deilda og þær yfirfarnar og samþykktar af aðalstjórn.

Skrifstofa félagsins sér um færslu bókhalds, launaútreiknings og greiðslu launa fyrir allar deildir félagsins. Deildir skulu gera samning við aðalstjórn um þá þjónustu sem skrifstofa félagsins veitir. Aðalstjórn getur tilnefnt sérstakan tilsjónarmann sem kynnir sér fjárhag og stöðu deildar ef tilefni er til og kemur með tillögum til úrbóta ef þörf krefur. Hann getur lagt til að aðalstjórn yfirtaki stjórn deildar, ef tillögum til úrbóta er ekki sinnt að veittum ákveðnum fresti. Ef til

þess kemur þá skal aðalstjórn tilkynna slíkt skriflega til deildarstjórnar og um leið tekur aðalstjórn að fullu yfir vald deildarstjórnar. Að minnsta kosti 2/3 hluti aðalstjórnar skal vera samþykktur yfirtöku stjórnar deildar.

Aðalstjórn annast samskipti félagsins við stjórnvöld og önnur samtök með mál sem varða félagið allt.

Aðalstjórn ber að halda að minnsta kosti tvo fundi á ári sameiginlega með stjórnnum deilda til að ræða málefni sem tengjast starfi félagsins.

Aðalfundur deildar

8. grein* * *******

Aðalfundur deildar skal móta meginstefnu um starfsemi hennar. Aðalfundur deildar skal halda ár hvert eigi síðar en 15. apríl eða 15. nóvember eftir eðli starfseminnar. Aðalfundur skal boðaður með minnst tveggja vikna fyrirvara með tilkynningu á heimasíðu félagsins. Rétt til setu á aðalfundi eiga allir félagar viðkomandi deildar. Atkvæðisrétt hafa allir félagar 18 ára og eldri. Aðalfundur er lögmætur ef löglega er til hans boðað.

Allir félagar hafa rétt til að bjóða sig fram til setu í deildarstjórn. Skriflegu framboði skal skila til framkvæmdastjóra félagsins að lágmarki viku fyrir boðaðan aðalfund. Heimilt er að víkja frá þessari reglu, með samþykki aðalstjórnar, takist ekki að manna laus stjórnarsæti.

Formaður deildar setur aðalfund. Skall hann hefja dagskrá aðalfundar sem skal vera sem hér segir:

1. Kosning fundarstjóra og ritara
2. Formaður leggur fram skýrslu deildar
3. Ársreikningur staðfestur af skoðunarmönnum lagður fram til samþykktar
4. Kosning formanns

5. Kosning stjórnarmanna
6. Umræða um málefni deildar og önnur mál

Á aðalfundi deildar ræður meirihluti atkvæða úrslitum mála. Enginn getur farið með fleiri en eitt atkvæði á aðalfundi. Falli atkvæði jöfn ræður hlutkesti. Vanræki deild að halda aðalfund skal aðalstjórn boða til fundarins og annast framkvæmd hans. Hætti formaður störfum skal stjórn kjósa nýjan formann fram að næsta aðalfundi deildarinnar. Ef meirihluti stjórnar hættir störfum eða stjórn verður óstarfhæf af einhverjum ástæðum er heimilt að kalla til deildarfundar í því skyni að kjósa nýja stjórn. Skal boðun og framkvæmd fundar fara eftir sömu reglum og vegna aðalfundar deildar.

Deildarstjórn

9. gr.*****

Á milli aðalfunda sér deildarstjórn um starfsemi deildar. Í því felst m.a. að skipuleggja starf deildarinnar, skipa starfsnefndir hennar og hafa umsjón með framkvæmd starfsins. Deildum er heimilt að innheimta af félögum sínum æfingagjöld sem deildarstjórn ákveður.

Deildarstjórn skal skipta með sér verkum á fyrsta fundi eftir aðalfund deildar.

Deildarstjórn ber ábyrgð á útgjöldum, tekjuöflun og fjárreiðum deildar og að fylgt sé opinberum reglum og fyrir mælum aðalstjórnar um bókhald, endurskoðun, reikningskil og meðferð fjármuna.

Slit félagsins

10. grein*****

Verði félagið lagt niður skulu eignir þess ganga til Kópavogsbæjar. Sé deild lögð niður ganga eigur hennar til aðalstjórnar.

Gildistaka

11. grein

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla eldri lög úr gildi.

Samþykkt á aðalfundi 1997
** Samþykkt á aðalfundi 2003*
*** Samþykkt á aðalfundi 2004*
**** Samþykkt á aðalfundi 2008*
***** Samþykkt á aðalfundi 2013*
****** Samþykkt á aðalfundi 2015*
****** Samþykkt á aðalfundi 2017*
****** Samþykkt á aðalfundi 2018*
****** Samþykkt á aðalfundi 2019*

Ákvæði til bráðabirgða: Á aðalfundi árið 2019 skulu þrjú stjórnarmenn kosnir til tveggja ára en þrjú til eins ár. Skal fundarstjóri greina fundargestum frá því hvaða einstaklingar eru í framboði til tveggja ára og hvaða einstaklingar eru kjöri til eins ár.

Reglugerð um heiðursveitingar

Bronsbliki*

Aðalfundur Breiðabliks haldinn 28. maí 1998, samþykkir að deildum félagsins verði heimilað að afhenda traustum félögum, sem starfað hafa í a.m.k. fjögur ár að málefnum félagsins, starfsmerki Breiðabliks, sem verði úr bronsi.

Silfurbliki

Silfurblikann má veita einstaklingum fyrir vel unnin störf í þágu félagsins eða einstakra deilda þess. Mest má veita fimm merki á ári hverju.

Gullbliki

Gullblikann má veita einstaklingum sem hafa um langt skeið unnið mikið starf fyrir félagið eða einstaka deildir þess. Mest má veita eitt merki að jafnaði á ári.

Heiðursbliki

Heiðursblika, heiðursfélaga, má undir sérstökum kringumstæðum kjósa einstaklinga, 50 ára eða eldri, sem hafa unnið framúrskarandi starf fyrir félagið um langan tíma eða hafa á annan veg reynst félaginu einstaklega vel.

Aðalstjórn félagsins ákveður á stjórnarfundum, þar sem allir meðlimir hennar eru mættir hverjir skulu sæmdir heiðursviðurkenningum félagsins. Kosning heiðursblika verður að vera samhljóða.

Á hverjum aðalfundi skal aðalstjórn birta lista með nöfnum allra þeirra sem hlotið hafa viðkenningar þessar.

Framkvæmdastjórn félagsins skipar fimm manna nefnd til heiðursveitinga skv. reglugerð þessari. Nefndin velur sér formann.**

Samþykkt á aðalfundi 1990

**Samþykkt á aðalfundi 1998*

***Samþykkt á aðalfundi 2016*

Reglugerð um veitingu bikara á aðalfundi Breiðabliks

Framkvæmdastjórn Breiðabliks getur á aðalfundi félagsins veitt bikara til viðurkenningar á starfi innan deilda félagsins á síðasta starfsári. Bikararnir sem um ræðir eru farandbikarar og veittir til eins árs í senn.

Veita má eftirfarandi viðurkenningar á aðalfundi félagsins:

Deildarbikar

Er veittur einni af deildum félagsins. Við ákvörðun um veitingu skal tekið tillit til virkni starfs innan deildarinnar, nýliðunar, árangurs í keppni og fjárhagslegrar afkomu á síðasta starfsári.

Þjálfarabikar

Er veittur þjálfara hjá einni af deildum félagsins. Við ákvörðun um veitingu skal tekið tillit til árangurs, hvort heldur um er að ræða hóp- eða einstaklingsíþróttagrein. Þá skal einnig litið til áhuga, menntunar og metnaðar.

Afreksblikki - karlar

Veittur þeim karli sem náð hefur bestum árangri karla innan félagsins á síðasta starfsári.

Afreksblikki - konur

Veittur þeirri konu sem náð hefur bestum árangri kvenna innan félagsins á síðasta starfsári.

Afrekshópur Breiðabliks

Veittur því liði eða keppnishóp sem náð hefur bestum árangri hóps eða liðs innan félagsins á síðasta starfsári.

Félagsmálabikar

Er veittur þeim einstaklingi sem sýnt hefur framúrskarandi dugnað og áhuga í starfi innan félagsins. Ákvörðun um veitingu félagsmálabikars taka síðustu þrjú handhafar bikarsins hverju sinni.

Samþykkt á aðalfundi 2016

Heiðursveitingar

Heiðursblikar

Ármann J. Lárusson (látinn)	2012	Helgi Jóhannesson	2014
Baldur Kristjánsson (látinn)	1980	Hreinn Bergsveinsson	2005
Gestur Guðmundsson (látinn)	1980	Hreinn Jónasson	2005
Grétar Kristjánsson	2010	Indriði Jónsson	2012
Grímur Norðdahl (látinn)	1980	Jóhann Baldurs	1991
Guðmundur Guðmunds. (látinn)	1980	Jóhannes Sveinbjörnsson	2010
Guðmundur Hjálmars Jónsson	2010	Jón Ingi Ragnarsson	1990
Guðmundur Oddsson	2000	Karl Stefánsson	2017
Guðmundur Óskarsson	1990	Kristinn Jóhannesson	2001
Guðmundur Þórðarson	2005	Kristján Jónatansson	2004
Gunnar I. Birgisson	2001	Logi Kristjánsson	1996
Gunnar Reynir Magnússon (látinn)	2010	Magnús Jakobsson	2003
Hafsteinn Jóhannesson	2011	Magnús Skúlason	2017
Helgi Jóhannesson	2018	Ólína Sveinsdóttir	1997
Hulda Pétursdóttir (látinn)	1990	Ólafur Björnsson	2007
Jón Ingi Ragnarsson (látinn)	2003	Ólafur Sigtryggsson	2014
Konráð Kristinsson (látinn)	1995	Orrí Hlökkversson	2015
Kristinn Jóhannesson	2015	Páll Bjarnason	2003
Kristín Jónsdóttir	2005	Pétur Ómar Ágústsson	2017
Logi Kristjánsson	2001	Sigurður G. Guðmundsson	1993
Magnús Jakobsson	2005	Sóley Stefánsdóttir	2000
Ólafur Björnsson	2015	Steinar Lúðvíksson	1990
Reynir Gísli Karlsson (látinn)	2011	Steini Þorvaldsson	2018
Sigmundur Eiríksson (látinn)	2010	Sveinn Gíslason	2012
Sigurður Geirdal (látinn)	2000	Sverrir D. Hauksson	2001
Steinar Lúðvíksson	2000	Teitur Jónasson	2016
Svanfríður María Guðjónsdóttir	2011	Valdimar Fr. Valdimarsson	2002
Sverrir D. Hauksson	2015	Valgerður Pálsdóttir	2005
Valdimar Kr. Valdimarsson (látinn)	1990	Þorgerður Aðalsteinsdóttir	1999
Þórður St. Guðmundsson	2000	Þorsteinn Hilmarsson	2010
Þórir Hallgrímsson	2014	Þórður St. Guðmundsson	1995

Silfurblíkar

Alda Sveinsdóttir	2010	Agnar Logi Axelsson	1998
Andrés Pétursson	2010	Andrés Pétursson	1999
Arndís Björnsdóttir	2010	Ari Skúlason	2006
Arnþór Sigurðsson	2011	Atli Þórsson	2003
Ásgeir Friðgeirsson	2017	Arnór Heiðar Arnórsson	2014
Ásgeir Friðþjófsson	2017	Arnþór Sigurðsson	2004
Ásta B. Gunnlaugsdóttir	2011	Ármann J. Lárusson	1990
Birna Guðmundsdóttir	2000	Árni Guðmundsson	1995
Böðvar Örn Sigurjónsson	2018	Ásdís Gísladóttir	2002
Egill Eiðsson	2018	Ásgeir Baldurs	2018
Einar Kristján Jónsson	2013	Ásgeir Friðþjófsson	1995
Einar Vilhjálmsson	2000	Ásgeir Magnússon	2005
Ester Jónsdóttir	2000	Ásta B. Gunnlaugsdóttir	2000
Grétar Kristjánsson	1990	Ástfríður Árnadóttir	2003
Guðmundur Benediktsson	2003	Bára Eiríksdóttir	1990
Guðmundur Jóhann Jónsson	2019	Bára Gunnarsdóttir	2010
Guðmundur Jónsson	2005	Benedikt Guðmundsson	2005
Guðni Stefánsson	2014	Birna Guðmundsdóttir	1995
Gunnar Snorrason	2018	Bjarni Sigurðsson	2008
Gunnar Steinn Pálsson	2005	Bjarni G. Þórmundsson	2003
Hannes Sigurbjörn Jónsson	2019	Björg Jónsdóttir	2019
Hannes Strange	2018	Borghildur Sigurðardóttir	2018
Hákon Gunnarsson	2019	Böðvar Örn Sigurjónsson	2004
		Edda Valsdóttir	2002

Eggert Baldvinsson	2016	Jóna Pálsdóttir	2004
Egill Eiðsson	2002	Júlíus Sigurbjörnsson	1991
Einar Hauksson	2003	K. Bessa Harðardóttir	2008
Einar Ingvarsson	2005	Karl Ottó Schiöth	2014
Einar Pétursson	2003	Karl Stefánsson	2001
Einar Sumarliðason	1998	Kjartan Ágústsson	2001
Einar Vilhjálmsson	1995	Konráð Kristinsson	1990
Eiríkur Jensson	1997	Kristinn Jóhannesson	1990
Eiríkur Mörk Valsson	2018	Kristín Rut Haraldsdóttir	2009
Ester Jónsdóttir	1990	Kristín Magnúsdóttir	2002
Eyþór Ragnarsson	2012	Kristjana Helgadóttir	2007
Fanný Guðjónsdóttir	2004	Kristjana Jóna Þorlákúsdóttir	2008
Geir Sverrisson	2010	Kristján Gunnar Ríkharðsson	2018
Gísli Jón Árnason	2010	Kristján Hjálmar Ragnarsson	2004
Gísli Guðmundsson	2006	Logi Sigurfinnsson	2009
Guðbjörn Þór Ævarsson	2004	Magnús Kr. Eyjólfsson	2012
Guðmundur Benediktsson	1993	Magnús Jakobsson	1997
Guðmundur Björnsson	2003	Magnús Skúlason	2007
Guðmundur Jónsson	1999	Magnús Valdimarsson	2013
Guðmundur Sigurbergsson	2017	Marinó Önundarson	2016
Guðmundur Oddsson	1991	Margrét Skúladóttir Sigurz	2018
Guðmundur Þórðarson	1990	María Sigurðardóttir	2003
Guðrún Pétursdóttir	2005	Marteinn Sigurgeirsson	2006
Guðrún Kristjánsdóttir	2015	Óðinn Sörli Ágústsson	2019
Gunnar Reynir Magnússon	1993	Ólafur Ágúst Ólafsson	2019
Gunnar Ragnarsson	2002	Ólafur Björnsson	2000
Gunnar Snorrason	2000	Ólafur Guðmundsson	2007
Gylfi Freyr Gröndal	2004	Ólöf Guðmundsdóttir	2005
Gylfi Steinn Gunnarsson	2012	Óttar B. Ellingsen	1995
Gylfi Sigurpálsson	2006	Páll Bjarnason	1993
Hafsteinn Jóhannesson	1990	Páll Grétarsson	1998
Halla Garðarsdóttir	2017	Pálmi Gíslason	1998
Halldór Arnarsson	2018	Pétur Ómar Ágústsson	2010
Halldór Jónsson	1999	Pétur Hrafn Sigurðsson	2009
Hallgrímur Arnalds	2009	Rúnar Andrew Jónsson	2006
Hannes Alfonsson	1993	Sighvatur Blöndahl	2000
Hannes Jónsson	2001	Sigmundur Eiríksson	2002
Hannes Strange	2008	Sigríður Jóna Helgadóttir	2019
Haukur Hauksson	1998	Sigrún A. Gunnarsdóttir	2010
Heiðar Bergmann Heiðarsson	2011	Sigurður Ingi Hauksson	2010
Heiðrún Alda Hansdóttir	2004	Sigurjón Sigurðsson	2004
Heimir Snær Jónsson	2019	Sigurjón Valdimarsson	1991
Helga Eyfeld	2008	Smári Rúnar Þorvaldsson	2015
Helga Jóhannsdóttir	1991	Sóley Stefánsdóttir	1995
Helga Jónsdóttir	2019	Sóley Ægisdóttir	2019
Helgi Jóhannesson	2009	Stefán Jóhannsson	2011
Helgi Viðar Hallgrímsson	2017	Stefán Ragnar Jónsson	2013
Hildur Grétarsdóttir	2017	Steini Þorvaldsson	2007
Hreinn Jónasson	1999	Sveinbjörn Strandberg	2000
Indriði Jónsson	2004	Sveinn M. Árnason	2001
Ingi Þór Hermannsson	2002	Sveinn Gíslason	2005
Ingibjörg Hinriksdóttir	1997	Sveinn Jóhannsson	1990
Ingólfur Proppé	2005	Sverrir D. Hauksson	1995
Ingólfur Sigmundsson	2005	Trausti Þór Ósvaldsson	2011
Ingvi Júlíus Ingvason	2012	Unnur Friðbjófsdóttir	2005
Jóhann Árnason	1999	Úlfhildur Haraldsdóttir	2008
Jóhannes Sveinbjörnsson	2001	Valgerður Helga Sigurðardóttir	2019
Jón Björnsson	1997	Viðar Bragi Þorsteinsson	2014
Jón Magnússon	2011	Viktória Gísladóttir	2014
Jón Sævar Þórðarson	2011	Þorbergur Karlsson	1995

Þorgerður Aðalsteinsdóttir	1993
Þorsteinn Hilmarsson	2001
Þorsteinn Höskuldsson	1997
Þóra Úlfarsdóttir	2005
Örn Jónsson	2009
Örn Örlygsson	2011

Alls 31 Heiðursblikar, 54 Gullblikar og 150 Silfurblikar.

Handhafar afreksbikars Breiðabliks frá 1981

1981	Mfl. kv. í knattspyrnu
1982	2. fl. ka. í knattspyrnu
1983	Svanhildur Kristjónsdóttir, frjálsar
1984	Svanhildur Kristjónsdóttir, frjálsar
1985	Ævar Þorsteinnsson, karate
1986	Mfl. ka. í handknattleik
1987	Sigurborg Gunnarsdóttir, blak
1988	3. fl. ka. í knattspyrnu
1989	Helgi Jóhannesson, karate
1990	Guðrún Arnardóttir, frjálsar
1991	Mfl. kv. í knattspyrnu
1992	Birkir Rúnar Kristinsson, sund
1993	Ásta B. Gunnlaugsdóttir, knattspyrna
1994	Mfl. kv. í knattspyrnu
1995	Mfl. kv. í körfuknattleik
1996	Mfl. kv. í knattspyrnu
1997	Mfl. kv. í knattspyrnu
1998	Geir Sverrisson, frjálsar
1999	Harpa Dögg Kjartansdóttir, skíði
2000	Margrét R. Ólafsdóttir, knattspyrna
2001	Jón Arnar Magnússon, frjálsar
2002	Sigurbjörg Ólafsdóttir, frjálsar
2003	Jón Arnar Magnússon, frjálsar
2004	3. fl. kv. í knattspyrnu
2005	Mfl. kv. í knattspyrnu
2006	Kári Steinn Karlsson, frjálsar
2007	Arnar Grétarsson, knattspyrna
2008	Kári Steinn Karlsson, frjálsar
2009	Mfl. ka. í knattspyrnu
2010	Mfl. ka. í knattspyrnu
2011	Kári Steinn Karlsson, frjálsar
2012	Auðunn Jónsson, kraftlyftingadeild
2013	Auðunn Jónsson, kraftlyftingadeild
2014	Viktor Ben Gestsson, kraftlyftingadeild
2015	Mfl. kv. í knattspyrnu
2016	Mfl. kv. í knattspyrnu
2017	Mfl. kv. í körfuknattleik
2018	Mfl. kv. í knattspyrnu

Afreksbliki konur

2016	Svana Katla Þorsteinsdóttir
2017	Fannís Friðriksdóttir
2018	Agla María Albertsdóttir

Afreksbliki karlar

2016	Ingi Rúnar Kristinsson
2017	Sindri Hrafn Guðmundsson
2018	Ingvar Ómarsson

Handhafar deildarbikars Breiðabliks frá 1989

1989	Karatedeild
1990	Skíðadeild
1991	Knattspyrnudeild
1992	Körfuknattleiksdeild
1993	Frjálsíþróttadeild
1994	Handknattleiksdeild
1995	Skíðadeild
1996	Sunddeild
1997	Frjálsíþróttadeild
1998	Knattspyrnudeild
1999	Skíðadeild
2000	Knattspyrnudeild
2001	Körfuknattleiksdeild
2002	Karatedeild
2003	Frjálsíþróttadeild
2004	Skíðadeild
2005	Knattspyrnudeild
2006	Sunddeild
2007	Frjálsíþróttadeild
2008	Karatedeild
2009	Knattspyrnudeild
2010	Knattspyrnudeild
2011	Kraftlyftingadeild
2012	Sunddeild
2013	Frjálsíþróttadeild
2014	Knattspyrnudeild
2015	Körfuknattleiksdeild
2016	Skákdeild
2017	Karatedeild
2018	Hjólreiðadeild

Handhafar þjálfarabikars Breiðabliks frá 1991

1991	Sigurður Hjörleifsson, körfuboltad.
1992	Guðjón Reynisson, knattspd.
1993	Jón S. Garðarsson, skíðadeild
1994	Vanda Sigurgeirsdóttir, knattspd.
1995	Anton Bjarnason, knattspd.
1996	Ásgeir Magnússon, skíðadeild
1997	Pétur Óli Einarsson, körfuknattleiksd.
1998	Jörundur Áki Sveinsson, knattspd.
1999	Egill Eiðsson, frjálsíþróttadeild
2000	Gylfi Freyr Gröndal, körfuknattleiksd.
2001	Úlfar Hinriksson, knattspyrnudeild
2002	Magnús Kr. Eyjólfsson, karatedeild
2003	Vilhjálmur Kári Haraldsson, knattspd.
2004	Erna Þorleifsdóttir, knattspd.
2005	Thomas Fjoldberg, körfuknattleiksdeild
2006	Jón Sævar Þórðarson, frjálsar
2007	Magnús Már Ólafsson, sunddeild
2008	Hákon Sverrisson, knattspyrnudeild
2009	Ólafur H. Kristjánsson, knattspyrnudeild
2010	Ólafur H. Kristjánsson, knattspyrnudeild
2011	Linda Björk Lárusdóttir, frjálsíþróttadeild
2012	Sverrir Óskarsson, knattspyrnudeild
2013	Vilhjálmur Þór Þóruson, karatedeild
2014	Sigurður Sveinn Nikulásson, skíðadeild

- 2015 Þorsteinn Halldórsson, knattspyrnudeild
- 2016 Helgi Jóhannesson, karate deild
- 2017 Hlynur Örn Gissurarson, taekwondodeild
- 2018 Þorsteinn Halldórsson, knattspyrnudeild

Handhafar félagsmálalabikars Breiðabliks frá 1970

- 1970 Steinar Lúðvíksson
- 1971 Magnús Jakobsson
- 1972 Gestur Guðmundsson
- 1973 Guðmundur Óskarsson
- 1974 Helga Kristjánsdóttir
- 1975 Þórir Hallgrímsson
- 1976 Valdimar K. Valdimarsson
- 1977 Gyða Stefánsdóttir
- 1978 Hafsteinn Jóhannesson
- 1979 Hulda Pétursdóttir
- 1980 Jón Ingi Ragnarsson
- 1981 Ásgeir Friðþjófsson
- 1982 Konráð Kristinsson
- 1983 Ólína Sveinsdóttir
- 1984 Helga Jóhannsdóttir
- 1985 Ester Jónsdóttir
- 1986 Jóhann Baldurs
- 1987 Kristinn Jóhannesson
- 1988 Þorbergur Karlsson
- 1989 Hildur Grétarsdóttir
- 1990 Sverrir D. Hauksson
- 1991 Óttar Ellingsen
- 1992 Eyþór Árnason
- 1993 Einar Vilhjálmsson
- 1994 Hreinn Jónasson
- 1995 Eiríkur Jensson
- 1996 Ingibjörg Hinriksdóttir
- 1997 Sveinn M. Árnason
- 1998 Hannes Jónsson
- 1999 María Sigurðardóttir
- 2000 Jóhannes Sveinbjörnsson
- 2001 Einar Pétursson
- 2002 Ástfríður Árnadóttir
- 2003 Indriði Jónsson
- 2004 Eggert Baldvinsson
- 2005 Hildur Ástþórsdóttir
- 2006 Úlfhildur Haraldsdóttir
- 2007 Einar Ingvarsson
- 2008 Andrés Pétursson
- 2009 Pétur Hrafn Sigurðsson
- 2010 Marínó Öundurson
- 2011 Jón Berg Torfason
- 2012 Helen Guðjónsdóttir
- 2013 Eiríkur Mörk Valsson
- 2014 María Fanndal Birkisdóttir
- 2015 Hannes Strange
- 2016 Hallgrímur Davíð Björnsson
- 2017 Halldór Gréтар Einarsson
- 2018 Pétur Ómar Ágústsson

Handhafar þróðmennskubikars Breiðabliks frá 1975

- 1975 Björn Jónsson, handknattleikur
- 1976 Sigurjón Kristjánsson, knattspyrna
- 1977 Telma Björnsdóttir, frjálsar
- 1978 Margrét Sigurðardóttir, knattsp.
- 1979 Brynjar Björnsson, handknattleikur
- 1980 Sigurborg Gunnarsdóttir, blak
- 1981 Steinar Lúðvíksson, sund/skiði
- 1982 Ragnar Bjartmars, körfubolti
- 1983 Ólafur Björnsson, knattspyrna
- 1984 Hildur Grétarsdóttir, blak
- 1985 Sigurjón Valmundsson, frjálsar
- 1986 Jón Þórir Jónsson, knattsp./handkn.
- 1987 Guðmundur Hrafnkelsson, handkn.
- 1988 Sigurður E. Hjaltason, handkn.
- 1989 Guðrún Arnardóttir, frjálsar

Þróðmennskubikar hefur ekki verið veittur frá 1990.

Árið sem nefnt er, er árið sem viðurkenningin er veitt fyrir.

Bikararnir eru afhentir á aðalfundi (í maí) árið á eftir.

Skýrsla Aðalstjórnar 2019 - 2020



*Sveinn Gíslason
formaður*



*Halla Garðarsdóttir
varaformaður*



*Guðmundur Sigurbergsson
gjaldkeri*



*Þórólfur Heiðar
Þorsteinsson
ritari*



*Ásgeir Baldur
meðstjórnandi*



*Steini Þorvaldsson
meðstjórnandi*



*Björgvin Gestsson
meðstjórnandi*



*Eysteinn Pétur Lárusson
frankvæmdastjóri*

Breiðablik er stórt íþróttafélag á flesta ef ekki alla mælikvarða og við sjáum fyrir okkur áframhaldandi vöxt í starfsemi okkar. Þar spilar margt inn í einsog fjölgun íbúa en ekki síst aukin og almennari íþróttapátttaka almennings og það í öllum aldurshópum. Þetta er mjög jákvæð þróun.

Hjá Breiðabliki er hægt að stunda fjölbreyttar íþróttir fyrir alla aldurshópa. Við bjóðum upp á frjálsum íþróttir, hjólreiðar, karate, knattspyrnu, kraftlyftingar, körfubolta, skák, skíði, sund, taekwondo auk þríþrautar, auk þessara svokölluðu hefðbundnu íþróttarum við með með öflugan hlaupahóp, við bjóðum upp á sér íþróttir fyrir eldri borgara og þá erum við með íþróttaskóla fyrir yngstu kynslóðina. Síðan er mjög stór hópur fólks sem fylgir félaginu svo kallaðir stuðningsmenn, fólk sem mætir á íþróttaviðburði og kappleiki, mætir í

gettraunakaffi og fleiri viðburði sem félagið er að standa fyrir.

Það má því með sanni segja að Breiðablik sé veigamikill þáttur í lífi okkar Kópavogsbúa. Við höfum sagt og segjum að góð aðstaða sé einn af hornsteinum starfseminnar. Það hefur mikið verið gert í þeim efnum og bærinn standið þétt með félaginu. Framkvæmdum við nýja og glæsilega gervigrasvelli í Fagralundi og á Kópavogsvelli lauk á síðasta ári og þá verður nýtt æfingarsvæði í frjálsum íþróttum vestan stúkunnar tilbúið núna í sumar. En betur má ef duga skal.

Íþróttaiðkun er að verða almennari einsog fyrr segir, við stundum íþróttir alla ævi. Holl hreyfing er kannski eitt allra stærsta lýðheilsuáttál samtímans. Framtíðaruppbygging á aðstöðu félagsins þarf að taka mið af þessu. Það vantar aðstöðu fyrir styrktarþjálfun, það vantar betri

aðstöðu til að halda utan um hið geysi öfluga félagsstarf okkar. Í þessu ljósi þá höfum við horft til gömlu stúkunnar við austanverðan Kópavogsvöll. Sú bygging er ónýtt og engum til sóma einsog hún er í dag. Draumur okkar er að á þeirri lóð muni rísa glæsilegt fjölnota íþrótt- og félagsaðstöðuhús. Við þurfum að vinna í því að það verði að veruleika.

Fjárhagsstaða félagsins er traust og skiluðu flestar deildir hagnaði á síðasta rekstrarári. Við þurfum nú sem áður að gæta varúðar í rekstrinum og sérstaklega á þeim tímum sem við erum að upplifa núna vegna covid 19. Án góðrar fjárhagsstöðu er nánast ómögulegt að halda úti öflugu íþróttastarfi þegar til lengdar er litið.

Hér verður farið lauslega yfir helstu verkefni aðalstjórnar á liðnu rekstrarári.

Fundahöld

Fundir aðalstjórnar

Á starfsárinu hélt aðalstjórn félagsins 13 fundi og þar af 2 fjarfundir vegna covid 19. Á síðasta aðalfundi var í fyrsta skiptið kosið samkvæmt nýsamþykktum lagabreytingum þ.e. að þrír stjórnarmenn eru kosnir til eins árs og þrír stjórnarmenn til tveggja ára. Þá er formaðurinn kosinn á hverju ári til eins árs. Eftirtaldir aðilar voru kosnir í aðalstjórn;

Sveinn Gíslason, formaður (1 ár)

Halla Garðarsdóttir, varaformaður, (1 ár)

Guðmundur Sigurbergsson, gjaldkeri, (2 ár)

Þórólfur Heiðar Þorsteinsson, ritari, (2 ár)

Björgvin Gestsson, meðstjórnandi, (1 ár)

Steini Þorvaldsson, meðstjórnandi, (1 ár)

Ásgeir Baldurs, meðstjórnandi, (2 ár)

Við þurfum því að kjósa nú á eftir formann og 3 stjórnarmenn. Það skal tekið frá að ég hef ákveðið að gefa kost á mér sem formaður í eitt ár til viðbótar.

Eysteinn P. Lárusson, framkvæmdastjóri félagsins, undirbjó fundi og sat þá. Góður andi einkenndi störf stjórnarmanna sem allir sinntu starfi sínu af ábyrgð og festu.

Deildastjórnarfundir

Samkvæmt lögum félagsins skal aðalstjórn halda sameiginlega fundi með stjórnnum deilda til að ræða málefni sem tengjast starfi félagsins.

Einn deildastjórnarfundur var haldinn á starfsárinu og var hann haldinn þann 13. nóvember 2019 í veitingasalnum í Smáranum.

Meginefni fundarins voru:

- Kynning á netöryggismálum sem Úlfar Andri Jónsson verkefnisstjóri í netöryggisþjónustu Deloitte á Íslandi sá um og var mikil ánægja með þetta erindi frá stjórnnum deilda.
- Kynning á íþróttaveislunni 2020 sem halda átti í Kópavogi í sumar en það var Auður Inga Þorsteinsdóttir framkvæmdastjóri UMFÍ sem fór yfir það. Þegar þetta er ritað er búið að fresta íþróttaveislunni vegna Covid 19.
- Kynning á afrekssviði Menntaskólans í Kópavogi. Daði Rafnsson fór yfir skipulag og hvernig til hefur tekist með afrekssviðið. Allir aðilar voru sammála um að þetta verkefni hefur farið vel af stað og í raun fram úr björtustu vonum.
- Þjónustusamningar deilda / handbók félagsins. Guðmundur Sigurbergsson gjaldkeri fór stuttlega yfir þjónustusamninga deilda og Eysteinn sagði frá handbók félagsins sem verið er að uppfæra.

Heiðursviðurkenningar

Heiðursnafnbótina Heiðursbliki fengu eftirtaldir:

Andrés Pétursson, á 70 ára afmæli félagsins
Ásta B. Gunnlaugsdóttir, á 70 ára afmæli félagsins
Indriði Jónsson, á 70 ára afmæli félagsins
Kristján Jónatansson, á 70 ára afmæli félagsins

Heiðursnafnbótina Gullbliki fengu eftirtaldir:

Benedikt Guðmundsson, á 70 ára afmæli félagsins
Einar Sumarliðason, á 70 ára afmæli sínu
Guðmundur G. Sigurbergsson, á 70 ára afmæli félagsins
Guðmundur Jóhann Jónsson, á 60 ára afmæli sínu
Hannes Sigurbjörn Jónsson, á aðalfundi félagsins
Hákon Gunnarsson, á 60 ára afmæli sínu
Heiðar Bergmann Heiðarsson, á 70 ára afmæli félagsins
Ingibjörg Hinriksdóttir, á 70 ára afmæli félagsins
Magnús Kr. Eyjólfsson, á 70 ára afmæli félagsins
Magnús Árni Magnússon, á 70 ára afmæli félagsins
Sigurrós Þorgrímsdóttir, á 70 ára afmæli félagsins

Heiðursnafnbótina Silfurbliki fengu eftirtaldir:

Björg Jónsdóttir, á aðalfundi félagsins
Heimir Snær Jónsson, á aðalfundi félagsins
Helga Jónsdóttir, á aðalfundi knattspyrnudeildar
Óðinn Sörli Ágústsson, á aðalfundi félagsins
Ólafur Hrafn Ólafsson, á aðalfundi félagsins
Sigríður Jóna Helgadóttir, á aðalfundi félagsins

Sóley Ægisdóttir, á aðalfundi félagsins
Valgerður Helga Sigurðardóttir, á aðalfundi félagsins.

Ýmis verkefni

Aðstöðumál deilda

Eins og oft áður eru aðstöðumál félagsins fyrirferðarmikil og hefur m.a. aðstaða til knattspyrnuíðkunar stórbatnað með tilkomu tveggja nýrra heilsársgervigrasvalla á Kópavogsvelli og í Fagralundi. Þá er verið að leggja lokahönd við nýtt æfingasvæði í frjálsum íþróttum á svokölluðu „skotmóa“ svæði vestan megin við stúkuna á Kópavogsvelli. Nýja æfingasvæðið í frjálsum íþróttum hýsir m.a. kastgreinar sem ekki lengur er hægt að stunda á Kópavogsvelli eftir að nýtt gervigras var sett á aðalvöllinn. Það er hins vegar alveg ljóst að betur má ef duga skal og ljóst að skóinn krepur enn að í mörgum deildum félagsins. Í því samhengi má sérstaklega nefna innanhúsaðstöðu í frjálsum íþróttum en deildin hefur glímt við mikil þrengsli innanhúss í Fífunni sem hefur hamlað fjölgun iðkenda. Þá hefur fjölgað jafnt og þétt í taekwondodeild félagsins og ljóst að þörf er á bættri aðstöðu þar sem og í karatedeild félagsins sem notar af stórum hluta veislusal félagsins undir sína starfssemi og þarf oftar en ekki að víkja fyrir félagsstarfinu. Þá hefur kraftlyftingadeild félagsins verið með sína aðstöðu í gluggalausum og þröngu rými á jarðhæðinni í stúkunninni en lyftingar- og styrktarþjálfunaraðstaða fyrir allar deildir félagsins er í dag afar bágborin. Hins vegar bindum við miklar vonir við að kraftlyftingadeildin fái nýja aðstöðu í Digranesi en jákvætt var tekið í erindi okkar þess efnis af bæjaryfirvöldum. Skákdeildin er í örum vexti og nýtir hún í dag glersalinn í stúkunninni á Kópavogsvelli. Með aukinni notkun á vellinum og

fjölgun á viðburðum þar þarf að skoða vel hvaða framtíðarlausn gæti nýst skákdeildinni best. Skíðadeild félagsins er með sína aðstöðu í Bláfjöllum og bíðum við ennþá eftir að eitthvað sé að gerast í aðstöðumálum Bláfjallasvæðisins en skrifað var undir samkomulag um endurnýjun og uppbyggingu mannvirkja skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins fyrir rúmlega ári síðan. Kjörfuknattleiksdeildin er með sína aðstöðu í Smáranum auk þess sem æfingar fara einnig fram í Lindaskóla og Fagralundi. Hins vegar hefur deildin sótt fast á það að fá aðstöðu í efri byggðum Kópavogs en ekki haft erindi sem erfiði og þá vonast deildin til þess að fá fleiri tíma í Fagralundi fyrir sína starfssemi og sérstaklega þegar æfingar falla niður í Smáranum vegna sýningarhalds og annarra viðburða. Sunddeild félagsins nýtir tvær frábærar sundlaugar bæjarsins fyrir sínar æfingar en það eru Salalaug og Sundlaug Kópavogs. Þá hafa yngstu tvær deildir félagsins blómstrað en það eru hjólreiðadeildin og þríþrautardeildin og ljóst að ef fram heldur sem horfir þarf að huga að bættri aðstöðu þessara deilda en þær æfa í dag m.a. í Sporthúsinu.

Við teljum því að nýtt fjölnota hús á lóð gömlu stúkunnar myndi leysa mikið í þessum efnum og einsog fyrr segir ætlum að setja þá framkvæmd á dagskrá.

Árþing UMSK

6. þing UMSK fór fram í Laugardalshöllinni Reykjavík þann 3. mars síðastliðinn og sendum við hjá Breiðablik fullskipað lið á fundinn. Margir Blikar hlutu viðurkenningar á þinginu:

Eiríkur Mörk Valsson	hlaut
Silfurmerki ÍSÍ	
Guðmundur Sigurbergsson	hlaut
starfsmerki UMSK	

Íþróttakona UMSK:

Berglind Björg Þorvaldsdóttir
(Knattspyrna)

Halla Garðarsdóttir var endurkjörin í stjórn UMSK á þinginu en Guðmundur Sigurbergsson var á síðasta ári kosinn til tveggja ára.

Samráðsvettvangur íþróttafélaga í Kópavogi (SÍK)

Á stjórnarfundum SÍK í apríl s.l. voru gerðar breytingar á verkaskiptingu innan stjórnar SÍK. Eysteinn Pétur Lárusson tók við sem formaður, Hanna Carla Jóhannsdóttir varaformaður, Olga Bjarnadóttir gjaldkeri og Sigmundur Einar Músson ritari. Meðstjórnendur eru Jón Finnbogason, Guðmundur Sigurbergsson og Hólmfríður Kristjánsdóttir.

Kópavogsblótið

Kópavogsblótið fór fram með pompi og prakt í annað sinn þann 24. janúar síðastliðinn.

Gríðarlegur fjöldi fólks mætti á blótið en 2400 manns mættu í mat þetta kvöld og skemmtu sér konunglega. Ljóst er að þessi viðburður er kominn til að vera.

Afrekssvið MK

Vel hefur gengið hjá afrekssviði MK en farið var af stað með þetta samstarfsverkefni stóru félaganna þriggja í Kópavogi haustið 2019.

Íþróttaveisla í Kópavogi

Undirbúningur fyrir íþróttaveisluna í Kópavogi (Landsmót UMFÍ) hefur staðið yfir af fullum krafti undanfarna mánuði en Breiðablik, HK og Gerpla tóku að sér að halda íþróttaveisluna núna í sumar. Þegar þetta er skrifað hefur mótinu verið frestað til næsta árs vegna Covid 19.

Heilsuefning eldri borgara

Í lok árs 2019 fengu Breiðablik, HK og Gerpla styrk frá Kópavogsbæ til að fara af stað með verkefnið Heilsuefning eldri borgara í Kópavogi. Verkefnið er samstarfsverkefni félaganna þriggja ásamt UMSK og HR. Bindur félagið miklar vonir við verkefnið sem hefst vonandi á haustmánuðum en þessa daganna er verið að auglýsa eftir verkefnisstjóra sem kemur til með að stýra verkefninu.

Áramótabrennan

Eins og undanfarin ár sá Breiðablik um áramótabrennuna í Kópavogi í samstarfi við Hjálparveit Skáta Kópavogi og Kópavogsbæ. Brennan var á nýjum stað í ár þ.e. á bílastæðinu sunnan við Fífuna og mætti mikill fjöldi fólks á staðinn til að gleðjast saman á þessum tímamótum. Það var síðan hjálparveit Skáta Kópavogi sem lauk dagskránni með glæsilegri flugeldasýningu

Íþróttahátíð Breiðabliks

Íþróttahátíð Breiðabliks var haldin í fyrsta skipti með núverandi sniði þann 9. janúar. Markmiðið með Íþróttahátíðinni er að gera árangur einstaklinga og hópa hjá þeim fjölmörgu deildum sem félagið starfrækir sýnilegri. Innan félagsins er verið að vinna frábært starf og er það því mikilvægt að líta yfir farinn veg og fagna íþróttafrekum ársins 2019. Á hátíðinni voru heiðraðir þeir aðilar sem hafa skarað fram úr í hverri deild fyrir sig og þeim veitt verðurkenning, voru það stjórnir deildanna sem ákváðu hvaða íþróttafólk innan sinna raða hrepptu verðurkenningu. Afrekskarl, Afrekskona og Afreks hópur Breiðabliks fengu sérstök verðlaun en Afreksbikarar eru veittir því íþróttafólki sem hefur náð bestum árangri innan félagsins á árinu. Þá var Deildarbikar Breiðabliks afhentur en hann er veittur einni deild félagsins og

er tekið tillit til virkni starfs innan deildarinnar, nýliðunar, árangurs í keppni og fjárhagslegrar afkomu á síðasta starfsári. Sömuleiðis var Þjálfarabikar Breiðabliks afhentur en hann er veittur þjálfara einnar deildar félagsins og er tekið tillit til árangurs, áhuga, menntunar og metnaðar. Það er aðalstjórn félagsins og ráðgjafar hennar sem stóðu fyrir valinu á Deildarbikarnum, Afreksbikurum og Þjálfarabikarnum.

Íþróttafólk, þjálfarar, stjórnar fólk, bæjarfulltrúar og aðrir félagsmenn voru viðstaddir hátíðina og er félagið hæst ánægt með hvernig til tókst. Stefnan er sett á að halda hana árlega hér eftir og efla enn frekar.

Eftirtaldir aðilar hlutu verðurkenningar á hátíðinni:

Afrekshópur Breiðabliks 2019:
Meistaraflokkur kvenna í knattspyrnu

Afrekskarl Breiðabliks 2019:
Patrik Viggó Vilbergsson – Sund

Afrekskona Breiðabliks 2019:
Berglind Björg Þorvaldsdóttir – Knattspyrna

Deildarbikar Breiðabliks 2019:
Taekwondodeild

Þjálfarabikar Breiðabliks 2019:
Kristófer Gautason - Skákdeild

70 ára afmæli Breiðabliks

Ungmennafélagið Breiðablik stendur á tímamótum á þessu ári en félagið varð 70 ára þann 12. febrúar s.l. Félagið fagnaði stórafmælinu með afmælisfögnuði sunnudaginn 16. febrúar þar sem margt var um manninn. Dagurinn hófst með göngu á sögslóðir Breiðabliks en að henni lokinni var boðið í kaffi og kökur í íþróttahúsinu Smáranum þar sem fram fóru ávörp gesta, heiðursveitingar, tónlistaratriði, myndasýning ofl.

Rekstur og fjármál

Rekstarniðurstaða Breiðabliks í heild var jákvæð á árinu 2019. Rekstur Aðalstjórnar var sem fyrr traustur og stöðugur en hagnaður var á rekstri flestra deilda félagsins á síðasta starfsári.

Þessi niðurstaða staðfestir að deildir eru að sýna ábyrgð í rekstri og svo þarf að vera áfram. Hins vegar er ljóst að rekstrarskilyrði félagsins verða enn meira krefjandi á þessu ári vegna Covid 19 og þurfa deildir sem aldrei fyrr að sýna ráðdeild í sínum rekstri þannig að ekki stefni í óefni.

Eitt megin hlutverk aðalstjórnar er að vera deildum til aðstoðar varðandi fjármálin almennt en einnig að grípa í taumana ef í óefni stefnir.

Samanlagðar skuldir félagsins eru vel innan við ásættanleg mörk og peningaleg staða félagsins jákvæð. Félagið er að standa við allar sínar skuldbindingar, þannig hefur það verið og mjög mikilvægt að tryggt sé að þannig verði það um ókomin ár.

Lokaorð

Ég vil að lokum þakka öllum þeim sem komið hafa að starfi Breiðabliks á sl. rekstrarári fyrir vel unnin störf. Breiðablik er stórt og mjög öflugt félag, það gerist ekki nema með mikilli og óeigingjarnri vinnu fjölmargra sjálfboðaliða. Og vil ég nota þetta tækifæri og þakka þeim sérstaklega. En þó svo sjálfboðastarfið sé mikilvægt og ómetanlegt þá er ekki síður mikilvægt að hafa öflugt starfsfólk. Við höfum það – mjög öflugt starfsfólk, bæði góða þjálfara sem og fagfólk sem starfar á skrifstofu félagsins. Ekki má gleyma starfsfólkinu okkar sem vinnur í afgreiðslunni í Smáranum/Fífunni og á Kópavogsvelli sem sinnir sínu starfi með hlýju og alúð svo eftir því er tekið. Öllu þessu frábæra fólki vil ég þakka ómetanlegt starf.

Þá vil ég þakka meðstjórnendum mínum í aðalstjórn fyrir gott samstarf á liðnu rekstrarári.

Áfram Breiðablik.
Sveinn Gíslason,
formaður aðalstjórnar

Skýrsla Íþróttaskóla 2019 – 2020



Íþróttaskóli Breiðabliks fyrir 2-5 ára börn var starfandi í vetur með hefðbundnu sniði. Um 100-150 börn mættu á laugardagsmorgnum í vetur. Það var afar ánægjulegt að sjá þessa góðu mætingu og sýnir að starfið fellur í góðan jarðveg bæði hjá börnum og foreldrum.

Íþróttaskólinn er tilvalinn vettvangur til að undirbúa börn á þessum aldri fyrir hinar hefðbundnu íþróttagreinar með því að skapa þeim tækifæri til náms í hreyfi- og íþróttalíkum leikjum. Áhersluþættir í starfinu eru fyrst og fremst að börnin upplifi jákvæð kynni af markvissri hreyfingu ásamt því að þjálfa samhæfingu líkamans og efla samskipti.

Skólinn hefur verið starfræktur frá árinu 1994 og hefur ávallt verið lagður mikill metnaður í að hafa menntaða og/eða reynslumikla kennara. Aðalsteinn Jónsson íþróttakennari, sem hefur séð um íþróttaskólann síðastliðin 25 ár og Daði Rúnar Jónsson, sem hefur mikla reynslu af þjálfun og umsjón íþróttaskóla, sáu um íþróttaskólann í vetur ásamt öflugum leiðbeinendum. Skólinn hélt úti Facebook síðu þar sem foreldrar og aðrir áhugasamir gátu nálgast

upplýsingar varðandi starfið ásamt því að bjóða upp á ítarlegar upplýsingar um skólann og dagskrá á heimasíðu Breiðabliks. Fjöldi fylgjanda Facebook síðunnar fjölgaði úr 650 í 800 á árinu.

Íþróttarálfurinn mætti í íþróttaskólann og krakkarnir fengu gjafir frá styrktaraðilum m.a. boli, brúsa og fleira. Þetta vakti mikla lukku og var fjallað um íþróttaskólann í bæjarblöðunum. Það var ákveðið að fjölga tímum í 30 skipti yfir veturinn og að frátöldu samkomubanninu vegna Covid19 voru tímar aldrei felldir niður í vetur. Í stað þess að fella niður tíma var boðið upp á ratleiki í Kópavogsdal og tímar færðir í önnur íþróttahús.

Forráðamönnum var boðið uppá að kaupa bæði 5 og 10 tíma klippikort. Það fyrirkomulag naut mikilla vinsælda og börnin gátu því hagað sinni íþróttaiðkun eftir hentugleika.

Starfsfólk íþróttaskólans er sammála um að kennslan hafi gengið afar vel í vetur. Aðstaðan er frábær og gott úrval áhalda en betur má ef duga skal. Starfsfólk Íþróttaskóla Breiðabliks þakkar aðalstjórn og starfsfólki Breiðabliks fyrir gott samstarf á liðnum vetri.

Eldri borgara leikfimin 2019 – 2020



Leikfimi eldri borgara hjá Breiðabliki hefst öllu jafna í september og lýkur um miðjan maí. Auking hefur verið í iðkandafjölda undanfarin ár. Íðulega mæta um 35 iðkendur á hverja æfingu og eru um það bil 46 iðkendur á skrá. Þeir iðkendur sem ekki mæta á æfingu eru oftast en ekki á faralsfæti.

Æfingar fara að venju fram á þriðjudögum og föstudögum klukkan 9.30 - 11.00 í Fífunni og Karatesalnum. Liðsmenn hita sjálfir upp á göngu í allt að 30 mínútur og síðan tekur við 60 mínútna æfing undir minni stjórn. Unnið er í þeim þáttum sem nauðsynlegir eru þeim sem stunda æfingar sér til heilsuþótar það er að segja styrktarþjálfun, úthaldsþjálfun og liðleikaþjálfun.

Áhersla er lögð á almennt atgervi svo sem styrk, úthald og liðleika. Önnur æfingin fer fram í Fífunni þar sem úthald er ríkjandi þáttur en hin í karatesalnum þar sem styrktarþjálfun er í brennidepli. Oft er mætingin það góð að brugðið er á það ráð að halda styrktaræfingu í sal Smárans.

Áherslan í þjálfuninni er einföld. Við þjálfum úthald, styrk og liðleika og notum þær aðferðir sem húsa- og tækjakostur bíður upp á. Eftir æfingu setjast menn niður, fá sér kaffi og ræða þjóðmálin og eftir föstudagsæfingarnar er kaffi og með því. Meðlimir hópsins sjá sjálfir um að taka til kaffið. Hópurinn gerir margt fleira til að efla félagsandann. Það er til dæmis orðin hefð fyrir því að fara í mat í MK þar sem nemandi á matvælabraut halda okkur veislu. Félagslegi þáttur starfsins verður seint ofmetinn.

Ég hef fengið margar fyrirspurnir síðustu vikur og svo gæti farið að talsverð fjölgun yrði í hópnum næsta haust en við tökum sumarfrí 17. maí. Við því yrði að bregðast á einhvern hátt því að óbreyttu yrði snúið að taka við fleirum.

Nú í lok vetrarstarfsins vil ég þakka liðsmönnum samveruna svo og starfsmönnum Breiðabliks sem hafa ávallt stutt við bakið á okkur.

kveðja, Jón Sævar Þórðarson þjálfari.

Skýrsla Getraunaneftdar 2019 – 2020

Getraunastarf félagsins var með svipuðu sniði og undanfarin ár og. Á laugardögum mæta Blikar á milli kl. 10 og 12 í tengibygginguna og reyna sig við getraunaseðilinn, það var sami hópur sem sá um starfið og verið hefur undanfarin ár eða þeir Halldór Arnarsson, Björgvin Ingason, og Sigurjón Sigurjónsson. Marínó Önundarson kom síðan nokkrum sinnum inn af bekknum og nýtti sín tækifæri einstaklega vel þannig að eftir var tekið. Guðbjörg Hinriksdóttir sá síðan um veitingarnar eins og henni einni er lagið.

Það má segja að nýliðun í laugardagshópnum hafi ekki verið mjög mikil á síðustu árum en það væri gaman að geta stækkað hann enda ágætis morgunstud sem fólk á þarna saman. Fífan er hjartað í félaginu yfir vetrartímann og mjög oft eru leikir hjá meistaraflokkunum á sama tíma og getraunakaffið er þannig að það á að vera hægt að efla þetta enn frekar með

samstilltu átaki. Vonandi náum við að blása í herlúðra á næsta misseri og náum að fjölga þátttakendum enda er getraunastarfið mikilvæg fjáröflun fyrir félagið.

Veturinn í vetur varð þó nokkuð endaslepptur þar sem ekkert getraunastarf hefur verið frá því í mars vegna Covid-19 og ekki fyrirséð að það hefjist aftur fyrr en í haust enda ekki mikið um kappleiki í heiminum til að tippa á. En um leið og farið verður að gefa út getraunaseðla að nýju þá er um að gera fyrir alla sem vettlingi geta valdið að reyna sig við tippið og muna eftir að merkja við **getraunanúmerið okkar 200**. Við byrjum svo fersk að nýju fljótlega eftir að keppnin í enska boltanum hefst að nýju sem verður vonandi í haust.

F.h. Getraunaneftdar,
Halldór Arnarsson

**Samstæðureikningur Breiðabliks
og
Ársreikningur Aðalstjórnar
2019**

Áritun stjórnar

Stjórn Breiðabliks ungmennafélags, staðfestir ársreikning þennan fyrir árið 2019 með áritun sinni:



Sveinn Gíslason
formaður




Halla Garðarsdóttir
varaformaður




Guðmundur Sigurbergsson
gjaldkeri



Þórolfur Heiðar Þorsteinsson
ritari




Asgeir Baldurs
meðstjórnandi



Björgvin Gestsson
meðstjórnandi



Steini Þorvaldsson
meðstjórnandi



Eysteinn Pétur Lárusson
framkvæmdastjóri

Áritun óháðs endurskoðanda

JPH/-

Reykjavík, 7. maí 2020.

Breiðablik ungmennafélag
Dalsmára 5
Kópavogi

Efni: Endurskoðun á ársreikningi árið 2019.

Við viljum gera grein fyrir endurskoðunarvinnu okkar vegna ársins 2019 fyrir Breiðablik. Við höfum við vinnu okkar fengið greiðlega allar upplýsingar sem um var beðið. Við höfum kannað eignir og skuldir, skoðað rekstrarliði og yfirfarið skil á gjöldum.

Bókhald félagsins er skipulega fært í traustu bókhaldskerfi og umgengni góð og aðgengilegt til skoðunar.

Félagið er fjárhagslega sterkt og er handbært fé kr. 84 millj. hærra en skuldir fyrir utan óhafnar tekjur og er það aukning milli ára um kr. 35 millj. Peningaleg staða er kr. 51,7 millj sem er aukningum um 8,2 milli ára. Eiginfjárlutafall er 52% í árslok 2019 en var 56% árið áður.

Með nýju skipulagi, dreifingu ábyrgðar og verkskiptingu hefur innra eftirlit styrkst og er innra eftirliti fullnægjandi en nokkur áhættu er alltaf viðvarandi.

Skoðunarmenn hafa mjög þýðingarmiklu hlutverki að gegna við að skoða einstaka liði svo sem að meta útistandandi kröfur, yfirfara birgðir og stöðu lánardrottna ásamt öðrum aðgerðum. Við endurskoðunarvinnu okkar höfum við stuðst við vinnu þeirra enda eru þeir vel menntaðir til þessarar vinnu.

Við gerum ekki athugasemdir við reikningshald og ársreikning Breiðabliks fyrir árið 2019.

Efnahagur

Almennt

Opnunartölur ársins voru yfirfarnar og reyndust án frávika.

Fastafjármunir

Skráning á eignarhaldi og váttryggingar fasteigna var skoðuð sem og fjárhæðir í skýringu, þ.e. fasteigna- og brunabótamat frá Fasteignamati. Farið var yfir eignarhald með staðfestingum við endurskoðun vegna ársins og er byggt á skoðun fyrri ára.

Allar fjárfestingar ársins voru yfirfarnar en þær voru óverulegar. Endurmat á leikmannasamningum til lækkunar var yfirfarið.

Fyrningaskýrslur bornar saman við ársreikninga og engin frávik komu fram.

Engar athugasemdir varðandi fastafjármuni.

Veltufjármunir

Útistandandi kröfur:

Útistandandi kröfur voru skoðaðar með aldursgreiningu. Almennt séð var innheimta krafna í góðu lagi.

EKKI var gerð athugasemd enda um lágar fjárhæðir að ræða og almennt er innheimta í góðu lagi.

Bankareikningar og sjóður:

Allar stöður bankareikninga í öllum deildum, samtals kr. 142.065.666 í bókhaldi 31/12 2019 voru bornar saman við yfirlit frá banka og var samanburður án frávika.

Við endurskoðun bankareikninga var tekið úrtak fyrir heilan mánuði af stærsta reikningi félagsins og reyndist úrtakið án frávika. Þá voru skannaðir aðalreikningar Knattspyrnudeildar og Aðalstjórnar

Engin óeðlileg frávik komu fram við þessa skoðun á handbæru fé.

Eigið fé

Við höfum yfirfarið og rakið breytingar á eigin fé á árinu, stöðu í ársbyrjun og lokastöðu. Engar athugasemdir.

Skuldir

Skammtímaskuldir

Við höfum skoðað ógreidda staðgreiðslu og tryggingagjald og stemma upplýsingar frá opinberum aðilum við ársreikning.

Við höfum tekið úrtak vegna ógreiddra gjalda til lífeyrissjóða og komu engin frávík fram og kannað greiðslu á skuldum vegna launaliða sem voru án frávika. Ekki eru gerðar athugasemdir við skammtímaskuldir.

Rekstrarreikningur

Tekjur

Skoðaðar voru og staðreynd framlög frá Kópavogsbæ og yfirlita aflað frá bænum. Afstemming við Kópavogsbæ er ekki þægileg vegna leiðréttinga sem Kópavogsbær gerir á styrkjum.

Svör fengust við öllum öðrum fyrirspurnum varðandi tekjur.

Æfingagjöld og aðrar tekjur skoðaðar lauslega með samanburði milli ára og er tekjuöflun í föstum skorðum.

Gjöld

Tekin voru úrtök úr fylgiskjölum til skoðunar og reyndust allar færslur í lagi, hvað varðar dagsetningu, fjárhæðir, tilefni, bókunar og viðskiptaaðila.

Skoðaðar voru launakeyrsur og tekið úrtak af gjald- og skuldfærslu sem og vinnulagi og reyndust launamál í góðum farvegi. Skil til opinberra aðila svo sem launamiðar og fleira var í góðu lagi og án frávika.

Lotun æfingagjalda var skoðuð og er lotun milli ára.

Launamiðaskil til RSK voru borin saman við bókhald einstakra deilda og reyndust stemma að mestu leyti en verkstakagreiðslur eru dreifaðar á lykla í bókhaldi. Skoðun á launakostnaði, bæði laun og verktakagreiðslur voru í úrtaki okkar og kom sú skoðun vel út.

Að öðru leyti eru ekki gerðar athugasemdir við þau gjöld sem skoðuð voru með úrtaksskönnun og staðreynd.

Samstæða

Farið var yfir uppgjör í samstæðu og innri færslur milli deilda yfirfarnar og reyndust þær í góðu lagi. Rekstrarreikningur, efnahagsreikningur og sjóðstreymi reyndust í samræmi við uppgjör deilda. Viðskiptareikningar milli aðalstjórnar og deilda sem og tekjur og gjöld innan samstæðu jöfnuð út til að ná fram hreinum tekjum og gjöldum samstæðunnar án viðskipta milli deilda.

Innra eftirlit.

Vegna eðlis og smæðar starfseminnar er erfitt að koma við fullkominni aðgreiningu starfa og verður einhver áhætta viðvarandi vegna þessa. Á móti kemur að einstakir stjórnendur deilda eru flestir mjög hæfir til starfa. Þannig myndast aðhald um fjárhagsleg málefni sem draga verulega úr áhættu. Áætlanagerð deilda skýtur enn frekari stoðum undir aðhald. Verkferlar eru í föstum skoðum. Við höfum reynt að sníða aðgerðir okkar að hugsanlegum veikleikum í innra eftirliti. Við úrtaksskoðun á fylgiskjölum og skönnun á möppum ársins tókum við eftir því að umtalsverður fjöldi reikninga berast félaginu. Ekki er að því er virðist til staðar virkt samþykktarferli með kostnaðarreikningum. Mælum við með því að stjórnendur hugi að því að taka upp samþykktarferli með kostnaðarreikningum sem aðhald í rekstri og til að tryggja að ekki séu greiddir reikningar sem ekki koma félaginu við. Stjórnendur leggja því línur með því að tilnefna hvaða aðilar hafi heimild til að samþykkja reikninga fyrir hinar ýmsu deildir.

Farið var sérstaklega yfir launamál framkvæmdastjóra og reyndust þau í fullkomnu lagi og í samræmi við starfssamning og kjarasamninga VR.


Tölvumál

Litlar breytingar hafa orðið milli ára varðandi tölvumál. Ný uppfærsla er komin á bókhaldskerfið og er kerfið orðið nútímalegra. Öll kerfi virka vel að sögn.

Virðingarfyllst,



Jón P. Hilmarsson
Endurskoðandi



Svavar G. Stefánsson
Endurskoðandi

Rekstrarreikningur 2019

	2019	2018
Rekstrartekjur:		
Framlög til reksturs mannvirkja.....	112.326.446	99.831.893
Styrkir frá Kópavogsbæ	11.993.104	10.615.275
Styrkur vegna afnota íþróttamannvirkja.....	474.335.684	445.563.602
Aðrir styrkir og framlög.....	63.190.870	59.497.290
Leigutekjur	8.464.343	12.637.423
Auglýsingatekjur.....	28.808.547	31.843.213
Æfingagjöld.....	202.871.322	159.234.313
Aðrar tekjur	342.091.703	221.962.462
Rekstrartekjur	1.244.082.019	1.041.185.471
Rekstrargjöld:		
Laun og tengd gjöld.....	509.377.761	440.310.667
Rekstur mannvirkja.....	19.205.216	13.220.993
Leiga íþróttamannvirkja.....	474.338.448	445.563.602
Búningar og íþróttahöld.....	16.500.246	9.409.631
Þátttaka í mótum.....	97.095.626	64.236.380
Önnur gjöld.....	96.224.578	70.837.631
Afskriftir.....	5.349.162	4.586.184
Rekstrargjöld	1.218.091.037	1.048.165.088
Hagnaður / (tap) af rekstri án vaxta.....	25.990.982	(6.979.617)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):		
Vaxtatekjur og verðbætur.....	1.887.427	1.652.561
Vaxtagjöld og verðbætur.....	(1.792.688)	(1.673.596)
Tapaðar viðskiptakröfur.....	(2.111.768)	(236.543)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	(2.017.029)	(257.578)
Hagnaður / (tap) ársins.....	23.973.953	(7.237.195)

Samstæða

- Breiðablik Ungmennafélag -

Efnahagsreikningur

	2019	2018
Peningalegar eignir og skuldir		
Veltufjármunir:		
Handbært fé.....	142.065.666	84.871.172
Fyrirframgreiddur kostnaður og birgðir.....	3.697.000	3.544.000
Útistandandi kröfur.....	32.460.083	45.209.121
Veltufjármunir alls	178.222.749	133.624.293
Skammtímaskuldir:		
Ýmsar skuldir.....	58.273.520	36.321.935
Óhafnar tekjur.....	68.255.002	53.808.850
	126.528.522	90.130.785
Hreint veltufé	51.694.227	43.493.509
Peningaleg staða	51.694.227	43.493.509
Aðrir efnahagsliðir		
Fastafjármunir frá fyrra ári.....	71.128.926	77.065.110
Keypt á árinu.....	19.347.395	0
Afskrifað á árinu.....	(5.349.162)	(4.586.184)
Breyting á árinu.....	2.775.000	(1.350.000)
	87.902.159	71.128.926
Eigið fé frá fyrra ári.....	(114.622.435)	(121.659.630)
Eignfærð leikmannakaup.....	(1.000.000)	(200.000)
Rekstur ársins tap / (hagnaður).....	(23.973.953)	7.237.195
	(139.596.388)	(114.622.435)
Aðrir efnahagsliðir nettó	(51.694.227)	(43.493.509)
Breytingar á peningalegri stöðu		
Staða jákvæð (neikvæð) í upphafi árs.....	43.493.507	44.594.519
Fjárfesting á árinu.....	(21.122.395)	1.550.000
Rekstur tímabilsins án afskrifta fastafjármuna.....	29.323.115	(2.651.011)
Peningaleg staða í lok reikningstímabils	51.694.227	43.493.509

- Ársreikningur 31. desember 2019 -

- Allar tölur í íslenskum krónum -

Samstæða

- Breiðablik Ungmennafélag -

Sjóðstreymi 2019

	2019	2018
Handbært fé frá rekstri		
Hreint veltufé frá reglulegri starfsemi:		
Hagnaður / (tap) af reglulegri starfsemi	23.973.953	(7.237.195)
Reiknaðir liðir í rekstrarreikningi:		
Fyrningar	5.349.162	4.586.184
Hreint veltufé af reglulegri starfsemi	29.323.115	(2.651.011)
Breytingar innan hreins veltufjár:		
Viðskiptakröfur, lækkun (hækkun)	12.749.038	15.428.164
Birgðir, lækkun (hækkun)	(153.000)	(1.536.000)
Skammtímaskuldir vegna rekstrar, (lækkun) hækkun	36.397.737	(9.182.506)
Handbært fé frá rekstri	78.316.890	2.058.647
Fjármagnshreyfingar		
Fjárfesting / selt á árinu	(21.122.395)	1.550.000
	(21.122.395)	1.550.000
Breyting á handbæru fé á árinu	57.194.495	3.608.647
Handbært fé í ársbyrjun	84.871.172	81.262.523
Handbært fé í árslok	142.065.666	84.871.172

- Ársreikningur 31. desember 2019 -

- Allar tölur í íslenskum krónum -

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

1. Ársreikningurinn er í meginatriðum gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og ársreikningur fyrra árs. Gerð eru samstæðureikningsskil fyrir aðalstjórn og deildir. Í samstæðuuppgjöri hefur eignum og skuldum og tekjum og gjöldum innan samstæðunnar verið eytt.

Birgðir

2. Birgðir í árslok skiptast í birgðir vöru til endursölu, rekstrarvöru og búninga. Birgðirnar eru staðfestar með talningu og tekið hefur verið hæfilegt tillit til úreltra og gallaðra vara.

Áfallinn og fyrirframgreiddur kostnaður

3. Áfallinn og fyrirframgreiddur kostnaður í árslok hefur verið færður í rekstrar- og efnahagsreikning.

Útistandandi kröfur

4. Kröfur í árslok nema samtals kr. 32.460 þús. og hafa kröfur í árslok verið færðar niður vegna hugsanlegra vanhalda. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður mótreikningur sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast og er hann dreginn frá útistandandi kröfum í efnahagsreikningi.

Innlausn tekna

5. Tekjur ársins eru miðaðar við almanaksárið og eru styrktarsamningar til lengri tíma en eins árs færðir í efnahagsreikning og tekjufærðir samkvæmt ákvæðum samninga eftir því hvenær tekjurnar falla til. Æfingagjöld eru lotuð miðað við áramót í fjálsíþróttadeild, körfuknattleiksdeild, knattspyrnudeild og skíðadeild.

Varanlegir rekstrarfjármunir

6. Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til 10% niðurlagsverði er náð

Vátryggingaverð fasteigna í þús. kr.:

	Vátryggingaverð	Fasteignamat
Smárin, félagsaðstaða.....	192.450	74.200
Skíðaskáli, 40% eignarhlutdeild.....	52.660	45.640

7. Sundurliðun einstakra rekstrarliða fylgir rekstrarreikningum deilda.

Rekstrarreikningar deilda árið 2019

	Aðskýgð	Friskiþróttir deild	Hjólreiða- deild	Karatedeild	Knattspyrnu- deild	Kraftlyftinga- deild	Körfrunartí- leikadeild	Skiataldeild	Skiöldadeild	Sunddeild	Tæskvondo	Þórpráta- deild	Leiðrættir milli deilda	ÁB 2019
Tekjur	693.756.154	23.908.757	12.943.380	11.732.361	451.322.854	1.558.121	50.492.661	5.375.668	10.573.894	25.916.715	2.925.110	13.447.881	(59.871.537)	1.244.082.019
Gjöld	695.649.733	16.280.524	10.066.843	10.172.358	437.178.937	1.479.050	50.601.256	4.410.000	13.701.153	25.758.282	2.593.189	10.071.249	(59.871.537)	1.218.091.037
Hagnaður / (tapp) fyrir vaxti	(1.893.579)	7.628.233	2.876.537	1.560.003	14.143.917	79.071	(108.595)	965.668	(3.127.259)	158.433	331.921	3.376.632		25.990.981
Fjármagnsliður	3.284.761	(888.729)	13.505	56.302	(2.693.366)	50	(1.740.893)	(3.099)	(4.455)	(37.328)	2.606	(6.383)		(2.017.029)
Hagnaður / (tapp) ársins	1.391.182	6.739.504	2.890.042	1.616.305	11.450.551	79.121	(1.849.488)	962.569	(3.131.714)	121.105	334.527	3.370.249		23.973.953

ÁRITUN SKOÐUNARMANNA

Við undirritaðir, kjörnir skoðunarmenn ársreikninga Ungmennafélagsins Breiðabliks, höfum yfirfarið ársreikninga Aðalstjórnar og deilda fyrir árið 2019.

Við höfum farið yfir stöðu skuldunauta og lánardrottna í árslok 2019, stöðu bankareikninga í árslok, birgðir í árslok, eigna- og fyrningaskrá 2019 og greiðslur til lífeyrissjóða vegna ársins 2019.

Við höfum ekkert fundið athugavert og leggjum við til að ársreikningur Ungmennafélagsins Breiðabliks fyrir árið 2019 verði samþykktur.

Kópavogi 11-3-2020


Jóhann Geir Hardarson


Sigurjón Valdimarsson

Rekstrarreikningur 2019

	2019	2018
Rekstrartekjur:		
Framlög til rekstrar	112.326.446	99.831.893
Styrkir frá Kópavogsbæ	8.840.444	9.205.451
Styrkur vegna afnota íþróttamannvirkja.....	474.335.684	445.563.602
Leigutekjur	6.512.843	8.769.923
Auglýsingatekjur.....	16.528.547	15.332.244
Aðrar tekjur	75.212.190	51.664.968
Rekstrartekjur	693.756.154	630.368.081
Rekstrargjöld:		
Laun og tengd gjöld.....	117.154.321	111.058.780
Rekstur mannvirkja.....	19.205.216	13.220.993
Gjöld vegna afnota íþróttamannvirkja.....	474.338.448	445.563.602
Endurgreiddir styrkir til deilda	52.100.665	31.592.508
Önnur gjöld.....	28.538.803	26.119.873
Afskriftir.....	4.312.280	3.103.041
Rekstrargjöld	695.649.733	630.658.797
(Tap) af rekstri án vaxta.....	(1.893.579)	(290.716)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):		
Vaxtatekjur og verðbætur.....	3.796.029	2.956.169
Vaxtagjöld og verðbætur.....	(511.268)	(581.528)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	3.284.761	2.374.641
Hagnaður ársins	1.391.182	2.083.925
Óregluleg gjöld:		
Sérframlag Kópavogs.....	0	0
	0	0
Hagnaður ársins.....	1.391.182	2.083.925

Efnahagsreikningur

Eignir:

	2019	2018
Peningalegar eignir og skuldir		
Veltufjármunir:		
Handbært fé.....	65.111.778	42.024.897
Birgðir	3.697.000	2.986.000
Útistandandi kröfur.....	9.563.894	8.927.184
Deildir	6.557.431	2.532.502
Næsta árs afborganir skuldabréfaeignar	0	2.597.496
Veltufjármunir alls	84.930.103	59.068.079

Skammtímaskuldir:

Ýmsar skuldir.....	20.329.354	14.107.329
Óhafnar tekjur.....	6.520.737	0
Deildir.....	26.945.701	14.643.111
	53.795.792	28.750.440
Hreint veltufé	31.134.311	30.317.639

Langtímalíðir:

Skuldabréfaeign.....	0	12.987.485
	0	12.987.485
Peningaleg staða	31.134.311	43.305.124

Aðrir efnahagslíðir

Fastafjármunir frá fyrra ári.....	50.133.093	53.236.134
Keypt á árinu.....	17.874.275	0
Afskrifað á árinu.....	(4.312.280)	(3.103.041)
	63.695.088	50.133.093
Eigið fé frá fyrra ári.....	(93.438.219)	(91.354.294)
Rekstur ársins, (hagnaður) / tap	(1.391.182)	(2.083.925)
	(94.829.401)	(93.438.219)
Aðrir efnahagslíðir nettó	(31.134.311)	(43.305.124)

Breytingar á peningalegri stöðu

Staða jákvæð (neikvæð) í upphafi árs.....	43.305.124	38.118.159
Fjárfesting á árinu.....	(17.874.275)	0
Rekstur tímabilsins án afskrifta fastafjármuna.....	5.703.462	5.186.966
Peningaleg staða í lok reikningstímabils	31.134.311	43.305.124

Sjóðstreymi 2019

	2019	2018
Handbært fé frá rekstri		
Hreint veltufé frá reglulegri starfsemi:		
Hagnaður af reglulegri starfsemi	1.391.182	2.083.925
Reiknaðir liðir í rekstrarreikningi:		
Fyrningar	4.312.280	3.103.041
Eftirgefin lán	15.066.689	0
Verðbætur og gengismunur, (tekjur) gjöld	(2.079.203)	(1.509.406)
Hreint veltufé af reglulegri starfsemi	18.690.948	3.677.560
Breytingar innan hreins veltufjár:		
Viðskiptakröfur, lækkun (hækkun)	(636.710)	728.706
Deildir	8.277.661	1.293.436
Birgðir, lækkun (hækkun)	(711.000)	(978.000)
Skammtímaskuldir vegna rekstrar, (lækkun)	12.742.762	(1.043.731)
Handbært fé frá rekstri	38.363.661	3.677.971
Fjármagnshreyfingar		
Fjárfesting	(17.874.275)	0
Alborgun langtímakrafna	2.597.496	2.345.930
	(15.276.779)	2.345.930
Breyting á handbæru fé á árinu	23.086.882	6.023.901
Handbært fé í ársbyrjun	42.024.897	36.000.994
Handbært fé í árslok	65.111.778	42.024.897

Sundurliðanir

	2019	2018
Framlög til rekstrar		
Rekstrar og þjónustusamningar	108.348.181	98.116.606
Framlag til viðhalds	3.328.265	989.227
Önnur framlög	650.000	726.060
	<u>112.326.446</u>	<u>99.831.893</u>
Styrkir frá Kópavogsbæ		
Iðkendastyrkir	8.840.444	9.205.451
Húsaleigustyrkir	474.335.684	445.563.602
	<u>483.176.128</u>	<u>454.769.053</u>
Leigutekjur		
Salarleiga	6.512.843	8.769.923
	<u>6.512.843</u>	<u>8.769.923</u>
Auglýsingatekjur		
Auglýsingaskilti	16.528.547	15.332.244
	<u>16.528.547</u>	<u>15.332.244</u>
Aðrar tekjur		
Vörusala samkeppnisrekstur	12.263.627	11.733.235
Tekjur vegna íþróttaskóla	7.293.704	4.897.883
Þátttaka deilda í kostnaði	6.213.417	10.711.572
Fjárafánir	18.584.881	5.445.021
Kópavogsblot	0	0
Lottó og Getraunir	13.197.961	11.422.057
Önnur framlög	17.658.600	7.455.200
	<u>75.212.190</u>	<u>51.664.968</u>
Laun og verktakagreiðslur		
Laun starfsmanna og þjálfara	92.654.366	90.143.311
Tryggingagjald	7.060.846	6.907.355
Dagpeningar	171.249	69.025
Lífeyrissjóður	11.813.497	10.854.446
Orlofs- og sjúkrasjóður	1.444.715	1.253.811
Akstur	1.530.000	790.000
Áfallið orlof	2.479.648	1.040.832
	<u>117.154.321</u>	<u>111.058.780</u>
Rekstur mannvirkja		
Leiga á íþróttamannvirkjum	474.338.448	445.563.602
Viðhald fasteigna	0	484.152
Viðhald áhalds og tækja	7.041.496	3.045.713
Hreinlætiskostnaður	2.656.553	1.859.290
Sorphirða	1.176.156	1.313.726
Öryggisþjónusta	1.347.020	1.405.739
Tryggingar	315.437	322.806
Annar rekstrarkostnaður	6.668.554	4.789.567
	<u>493.543.664</u>	<u>458.784.595</u>

- Aðalstjórn -

- Breiðablik Ungmennafélag -

Til deilda

Lottó	11.957.066	10.810.974
Getraunir	734.375	611.083
Iðkendastyrkir	8.840.444	9.205.451
Aðrir styrkir	30.568.780	10.965.000
	<u>52.100.665</u>	<u>31.592.508</u>

Önnur gjöld

Söluvörur		
Vörukaup	8.416.230	7.655.393
Birgðabreyting	(711.000)	(978.000)
	<u>7.705.230</u>	<u>6.677.393</u>

Skrifstofukostnaður

Pappír, prentun og ritföng	360.143	375.239
Reikningsskil	728.345	620.000
Sími	502.587	451.303
Póstburðargjöld	101.642	274.881
Fréttabréf og auglýsingar	695.674	697.130
Tölvukostnaður	1.281.755	3.048.354
Funda- og þingkostnaður	578.258	388.066
Námskeið	146.582	367.427
Styrkir	130.400	91.900
Akstur	1.590.593	700.854
Annar skrifstofukostnaður	798.593	613.843
	<u>6.914.572</u>	<u>7.628.997</u>

Annar kostnaður

Rekstur auglýsingaskiltis	0	33.100
Gjaldfærð áhöld	866.297	1.831.592
Þjónustugjöld VISA og EURO	143.391	111.167
Gjafir og skemmtanir	49.500	1.192.478
Kópavogsblót	0	0
Kostnaður við fjáröflun	3.136.500	2.136.550
Annar kostnaður	9.723.313	6.508.596
	<u>13.919.001</u>	<u>11.813.483</u>
	<u>28.538.803</u>	<u>26.119.873</u>

- Ársreikningur 31. desember 2019 -

- Allar tölur í íslenskum krónum -

Ársskýrslur deilda

Ársskýrsla Frjálsíþróttadeildar Breiðabliks



Stjórn og nefndir

Á aðalfundi frjálsíþróttadeildar Breiðabliks 2019 voru kjörnir fulltrúar í stjórn. Ágætis mæting var á fundinn en fleiri hefðu mátt láta sjá sig þegar kosið var í nefndirnar.

Ný stjórn var kosin fyrir starfsárið 2018-2019

Kristján Sigurgeirsson, formaður
Áslaug Pálsdóttir, ritari
Andrea Kristín Kristjánsdóttir, gjaldkeri
Smári Björn Guðmundsson Elsa Sif Guðmundsdóttir Jón Bjarni Bragason
Erla Björg Hafsteinsdóttir

Í varastjórn voru kosin

Egill Eiðsson
Kristján Þór Harðarson

Stjórn frjálsíþróttardeildar fundar einu sinni í mánuði eða eins og þurfa þykir.

Þjálfarar

Breiðablik hefur yfir að ráða færum og vel menntuðum frjálsíþróttþjálfurum. **Yfirþjálfari deildarinnar** er Alberto Borges Moreno, hann sér um þjálfun 8-14 ára barna auk yfirumsjónar með meistaraflokki.

Aðrir þjálfarar deildarinnar eru:

Sveinn Sampsted sem þjálfar unglingsflokk, 15-17 ára.

Hjörtur Ívan Sigurbjörnsson sem þjálfar yngstu iðkendurna, 6-7 ára.

Sérgreinaþjálfarar meistaraflokks:

Geirlaug Geirlaugsdóttir - spretthlaup

Egill Eiðsson - grindahlaup

Stefán Ragnar Jónsson - kastgreinar

Jón Bjarni Bragason – styrktarþjálfun.

Íþróttastefna

Frjálsíþróttir er sú íþróttagrein sem býður flestum tækifæri til að stunda líkamsrækt og þjálfun við sitt hæfi, hvort sem er til eigin framfara eða afreka. Allir geta verið með og allir fá tækifæri við sitt hæfi. Auk þess bjóða frjálsíþróttir upp á góða þjálfun og ná æfingarnar til allra lykilatriða í þroska og hreyfifærni barna og unglunga. Miðað er við að þjálfun barna og unglunga byggist á hugmyndafræði IAAF um Krakkafrjálsar (Kids Athletics) og að frjálsíþróttir verði kynnt sem úrvalstækifæri til árangurs og aukinna lífsgæða. Meginmarkmiðið er að færa leik inn í frjálsíþróttagreinarnar og fá unga iðkendur til þess að æfa tækni í stökkum, köstum, spretthlaupum og

langhlaupum í gegnum leiki. Keppni í krakkafrjálsum er frábrugðin keppnum í hefðbundnum frjálsíþróttagreinum. Í krakkafrjálsum er lögð áhersla á að margir geta keppt í einu, stelpur og strákar eru saman í liði þannig að allir eiga auðvelt með að ganga vel í greinunum. Sérhæfing iðkenda eykst síðan með auknum aldri og þroska.

Aðstaða

Umræða um aðstöðumál hefur verið fyrirferðarmikil á árinu. Talsverður óróleiki er í hópi iðkenda, þjálfara, foreldra og annarra velunnara. Deildin missti einu löglegu keppnisaðstöðu sína utanhúss eftir að Kópavogsvelli var breytt í gervigrasvöll. Með þessu hefur einn af bestu keppnisvöllum landsins fallið út sem keppnisvöllur fyrir stærri mót og er það mjög miður fyrir frjálsíþróttahreyfinguna. Framkvæmdirnar höfðu í för með sér töluvert rask á hlaupabrautum og enn á eftir að fá úr því skorið hvort brautin geti talist lögleg til mótahalds eftir það. Til að bæta deildinni þetta aðstöðutap var farið í að klára nýtt æfingasvæði utan vallarins. Svæðið var ekki tilbúið fyrr en sl. haust og var því ekkert notað á síðasta utanhússtímabili. Enn er því ekki komin reynsla á það æfingasvæði. Þegar þessi orð eru skrifuð standa enn yfir samningaviðræður við Kópavogsbæ um fjármagn vegna nauðsynlegs búnaðar svo svæðið nýtist sem skyldi. Æfingarmöguleikar deildarinnar komandi sumar eru því algjörlega undir því komnir hvernig til tekst í þeim viðræðum. Innanhússaðstaða deildarinnar hefur verið bætt lítið eitt á liðnu ári. Komin er yfirbreiðsla yfir sandgryfju, sérsníðaðir kassar utan um áhöld, snagar og fleira smálegt hefur verið útvegað eftir óskum þjálfara og iðkenda. Ljóst er að innanhússaðstaða deildarinnar er ekki eins og best verður á kosið og er inniástandan að hamla því að iðkendafjöldi verði meiri en

hann er. Oft er erfitt að samræma þarfir ólíkra íþróttagreina sem nýta húsið samtímis. Það er enn langtímamarkmið deildarinnar að beita sér fyrir byggingu frjálsíþróttahúss í Kópavogi og gera þannig Breiðablik samkeppnishæft við önnur félög. Nauðsynlegt er að allir sem að frjálsíþróttadeildinni komi sýni samstöðu í áframhaldandi vinnu við það mál.

Iðkendur

Árið 2019 var Frjálsíþróttadeild Breiðabliks með 143 skráða iðkendur. Mikil aukning hefur verið í fjölda iðkenda undanfarin ár og er hún farin að koma fram í mótáttöku. Óvenju stórir hópar voru skráðir til leiks á Meistaramóti Íslands 11- 14 ára og á Silfurleikum ÍR eða yfir 60 keppendur á hvort mót. Hópur foreldra/forráðamanna er farinn að þetta raðirnar og oft má sjá stórann hóp hvetja keppendur Breiðabliks áfram undir Breiðabliksfána í stúkunni. Það er trú okkar í stjórninni að upp sé að koma efnileg kynslóð frjálsíþróttafólks hjá Breiðabliki. Meistaraflokkurinn okkar er nokkuð stöðugur í stærð og þar er mikið af frábæru afreksfólki sem á framtíðina fyrir sér.

Nýjir keppnisbúningar

Á árinu gerði Frjálsíþróttadeild Breiðabliks samning við New Waive Iceland um kaup á keppnisfatnaði fyrir iðkendur deildarinnar. Fyrirtækið er umboðsaðili fyrir sænska fatamerkið Craft, en það hefur um árabíl framleitt sérhæfðan frjálsíþróttafatnað og hefur skapað sér sess meðal frjálsíþróttafólks um allan heim. Nú stendur því yfir endurnýjun á keppnisfatnaði iðkenda og árið 2020 verður sú krafa gerð að allir okkar iðkendur keppi í Craft fatnaði.

Met og bætingar

Í keppni á árinu hafa 26 liðsmenn Breiðabliks unnið 109 Íslandsmeistaratitla í

einstaklingsgreinum. Markús Birgisson er með flesta titla í ár, tíu talsins. Breiðablik vann stigabikara hjá 11 ára stúlkum innanhúss, 14 ára piltum innanhúss og utan ásamt 20-22 ára piltum innanhúss og utan. Nokkur aldursflokkamet hafa fallið. Irma Gunnarsdóttir sló stúlknamet í þrístökki í flokki 20-22 ára. Hún stökk 12,42 metra í Evrópubikarkeppni landsliða í sumar. Birna Kristín Kristjánsdóttir stökk 6,12 metra í langstökki á Bauhaus Junioren Gala í Þýskalandi en það er nýtt aldursflokkamet 16-17 ára stúlkna. Einnig bætti Agla María Kristjánsdóttir aldursflokkamet 16-17 ára stúlkna í þrístökki á Norðurlandamóti U20 þegar hún stökk 12,24 metra.

Landsliðsverkefni

Iðkendur Breiðabliks í frjálsum íþróttum gerðu það margir gott á erlendri grundu á árinu. Á Evrópumeistaramóti U20 ára keppti Birna Kristín Kristjánsdóttir fyrir hönd Íslands. Hún tók einnig þátt í Smáþjóðaleikunum ásamt Irmu Gunnarsdóttur. Fjölþrautafólkið okkar stóð í ströngu á árinu, Irma Gunnarsdóttir tók þátt í Evrópukeppni U23 ára í fjölþrautum en hún var líka meðal keppenda á Norðurlandamóti U23 ára ásamt þeim Ara Sigþóri Eiríkssyni og Sindra Magnússyni. En Sindri nældi sér í brons í tugþraut á því móti. Við áttum líka fulltrúa í landsliðinu í Evrópubikarkeppni landsliða. Þar voru Irma Gunnarsdóttir, Birna Kristín Kristjánsdóttir og Juan Ramon Borges meðal keppenda. En Íslenska liðið sigraði mótið eftirminnilega og færðist upp um deild. Á Norðurlandamóti U20 ára átti Breiðablik þrjá keppendur þær Birnu Kristínu Kristjánsdóttur, Kötlu Rut Róbertsdóttur Kluvers og Öglu Maríu Kristjánsdóttur. Þar vann Birna til silfurverðlauna í langstökki, Agla

María Kristjánsdóttir stökk rísa stökk í þrístökk og Katla Rut var í boðhlaupssveit Íslands í 4x 400 metra hlaupi sem fór með sigur af hólmi. Og síðast en ekki síst sýndi Jón Bjarni Bragason mjög góð tilþrif á Evrópumeistaramót öldunga þar sem hann lenti í öðru sæti í kastþraut.

Önnur verkefni

Önnur verkefni frjálsíþróttadeildarinnar á árinu 2019 voru margvísleg. Má þar helst nefna almenningshlaupin okkar Hjartadagshlaupið og Kópavogsmaraþon. Frjálsíþróttadeild Breiðabliks hefur um árabil séð um framkvæmd Hjartadagshlaupsins fyrir Hjartavernd og þátttaka í því hefur verið mjög góð og var meðþátttaka í síðasta hlaupi. Kópavogsmaraþonið er farið að festa sig í sessi og í ár tóku yfir 200 hlauparar þátt. Á 17. júní heldur deildin keppnishlaup fyrir grunnskólabörn á Kópavogsvelli. Skólahlaup UMSK er haldið á haustin þar sem grunnskólabörn mæta og hlaupa fyrir sinn skóla. Deildin stóð fyrir æfingaferðum að Laugavatni og til Víkur í Mýrdal fyrir unglínga- og meistaraflokk. Ferðirnar voru vel sóttar og almenn ánægja var með þær. Fyrirhugað er að fara næst til Borgarnes í æfingaferð þar sem góð aðstaða er til æfinga, ódýr gístaðstaða og einfalt að fara með almenningssamgöngum.

Breiðablik sá um framkvæmd Meistaramóts Íslands aðalhluta innanhúss í janúar. og Bikarkeppni FRÍ utanhúss í júlí. Framkvæmd mótanna heppnuðust með ágætum. Deildin mannaði tvær greinar á RIG, stangastökk og brautargæslu sem var haldin í febrúar sl. Eins sáu Blikar um miðasöluna við innganginn. Helstu fjáröflunaverkefni deildarinnar á árinu eru mönnun hlaupaleiða og drykkjarstöðva í Reykjavíkumaraþoni, Hjartadagshlaupið, 17. júníhlaupið á Kópavogsvelli, kaffihressing fyrir

erlenda ferðamenn í andyri Smárans sem koma á áramótabrennu Kópavogsbúa. Nýjasta fjáröflunin er að iðkendur leggja til vinnu á stærsta þorrablóti landsins sem er haldið í Fífunni. Þar gefst iðkendum kostur á að leggja ágóða vinnuframlags til æfingaferðar. Páskaæfingaferðin sem var fyrirhuguð til Tenerife í ár varð því miður frestað vegna Covid -19 og samkomubanns í kjölfarið. Öll þessi fjáröflunar verkefni hafa styrkt deildina mikið og ekki má gleyma því að Kópavogsmarabonið hefur verið að skila inn meiri tekjum á hverju ári með fjölgun þátttakenda og þá sérstaklega í styttri vegalengdum. Uppskeruhátíðir voru haldnar fyrir yngri og eldri iðkendur. Yngri iðkendur fengu grillveislu í byrjun júní og viðurkenningarskjöl fyrir góða ástundun. Eldri iðkendur (meistaraflokkur og 14- 16 ára) fengu svo sína hátíð milli jóla og nýárs. Þar voru veittar viðurkenningar fyrir góðan árangur á árinu svo og hvatningarverðlaun. Einnig voru frjálsíþróttanglingar og frjálsíþróttamaður og -kona heiðruð. Að þessu sinni voru það Júlía Katrín Jóhannsdóttir og Markús Birgisson sem hlutu nafnbótina frjálsíþróttanglingar og Juan Ramos Borges og Irma Gunnarsdóttir frjálsíþróttamaður- og kona Breiðabliks.

Biathlon í samstarfi með UMSK

Frjálsíþróttadeildin hefur verið að leggja til vinnu í að kynna Biathlon í samstarfi með UMSK. Biathlon er íþróttagrein sem er talsvert vinsæl í nágrannalöndum okkar og er vinsæl meðal hlaupahópa og vinnustaða. Þarna reynir mikið á hraða og að hafa góðan hvíldarpúls. Hlaupnir eru fjórir leggir allir innan við kílómeter og milli leggja er skotið úr lazer rifflum á skotskífur í mismunandi stellingum. Stjórnarmenn, iðkendur og þjálfarar hafa lagt hönd á plóginn með að aðstoða við kynningu

og í keppnum sem hafa verið haldin undanfarin tvö sumur í Skotmóum. Biathlon er skemmtilegt innlegg í íþrótt aflórana og er þannig íþróttagrein að það er ekki endilega að sá hraðasti sem vinnur keppnina því það reynir mikið á skotfimina og eru keppendur mikið að gera grín af hverjum öðrum á meðan keppni er. Tíminn mun svo leiða í ljós hvort áhugi verði á þessari nýju íþróttagrein innan íþróttahreyfingarinnar.

Árangur

Árangur iðkenda þetta árið hefur verið frábær eins og síðustu ár. Persónulegar bætingar iðkenda á mótum er það sem er mest hvetjandi fyrir efnilega iðkendur og fær þá til að stunda æfingar af natni. Árangur og geta er farin að sýna sig tölulega þegar farið er að rýna í árangur frá fyrri árum, sér ílagi í samanburði við okkar helstu keppinauta. Hópurinn er undir handleiðslu Alberto Borges sem hefur einstakt lag á að ná til ungra iðkenda ásamt foreldrum þeirra og gerir þeim góð skil. Iðkendahópur Frjálsíþróttadeildar Breiðabliks er ungur og fer stækkandi. Fjölgun iðkenda hefur verið jöfn á árinu. Aðstaðan sem við höfum fyrir iðkendur er farin að þrengja mikið að okkur í Fífunni og þörf er á gagngerri endurskoðun aðstöðumála á næstu misserum. Aðstöðumálin er það sem stendur frjálsíþróttadeildinni mest fyrir þrifum. Lítil og þröng aðstaða þýðir lítill og takmarkaður hópur sem getur verið við æfingar. Ef Frjálsíþróttadeild Breiðabliks hefði sömu aðstöðu og önnur félög þá myndi það bæta þjálfun iðkenda til muna ásamt því að laða að fleiri iðkendur til félagsins.

Fjármál

Rekstur deildarinnar var jákvæður rekstrarárið 2019. Það eru tvö meginatriði sem hafa verið að skila miklum árangri í rekstri deildarinnar. Það eru annars vegar auglýsingatekjur

og hins vegar breyting á rekstri þjálfara innan deildarinnar. Varðandi auglýsingarnar er það helst að nefna samningur sem gerður var við Lindex. Stjórnarmenn hafa komið að viðræðum við fleiri styrktaraðila og vonumst við að geta gert samninga við önnur fyrirtæki á komandi árum. Með enn meiri hagræðingu í þjálfaramálum er hægt að auka mikið gæði í þjálfun til iðkenda og hefur ekki veitt af síðastliðin ár. Þessi framkvæmd er gerleg án þess að breyta mikið launakostnaði og er þetta eitt af fyrstu verkefnum næstu stjórnar ásamt því að klára nýju æfingaaðstöðuna í Skotnóum. Í síðustu skýrslu stjórnar var það nefnt að ekki hafi verið farið markvisst í þá vegferð undanfarin ár í að ná í styrktaraðila til þess að ganga á uppsafnaða skuld sem hefur hangið yfir deildinni í mörg ár. Nú bregður til tíðinda og hefur aðalstjórn Breiðabliks fellt niður lán sem hefur verið á deildinni til margra ára. Þessi niðurfelling skýrist af góðri rekstrarstöðu Breiðabliks og hafa deildir innan félagsins fengið að njóta þess. Auglýsingatekjur ásamt hagræðingu í launakostnaði við þjálfun hefur skilað drjúgum árangri í

rekstrarstöðu deildarinnar. Sæmilegar tekjur hafa verið af mótum og hlaupum þetta rekstrarár deildarinnar.

Eins og hefur verið nefnt áður þá eru aðrar fjáröflunarleiðir deildarinnar bílastæðagæsla, móttaka erlendra gesta sem koma til þess að horfa á áramótabrennur og flugeldasýningar. Á hverju ári hefur frjálsíþróttadeildin mannað drykkjarstöðvar og sinnt brautargæslu í Reykjarvíkurmaraþoni og haldið Hjartadagshlaupið svo eitthvað sé upp talið. Fjáröflunin sem á sér stað yfir árið skilar sér til iðkenda í kaupum á áhöldum, fyrirlestrum fyrir iðkendur og til að styrkja iðkendur t.d í æfingaferðum ofl. Ekki má gleyma þeim iðkendum sem leggja ómælda vinnu á sig þegar óskað er eftir hjálp frá þeim og ber þeim að þakka sérstaklega fyrir það.

Stjórn deildarinnar þakkar iðkendum, þjálfurum, foreldrum og sjálfboðaliðum fyrir gott samstarf á liðnu ári.

f.h. frjálsíþróttadeildar Breiðabliks,
Kristján Sigurgeirsson

Ársskýrsla Hjólreiðadeildar Breiðabliks



Hjólreiðadeild Breiðabliks var stofnuð árið 2016 og hélt síðast aðalfund 27. febrúar 2019 þar sem eftirtaldir aðilar voru kosnir í stjórn:

Formaður: Hákon Hrafn Sigurðsson
Gjaldkeri: Jón Ingi Sveinbjörnsson
Ritari: María Sæmundsdóttir

Meðstjórnendur:
Margrét Pálsdóttir
Ingvi Júlíus Ingvason
Varamenn í stjórn:
Hjalti G. Hjartarson
Eiríkur Vigfússon

Starfsemin

Stjórnin fundaði oft á árinu, alls 15 formlegir fundir á milli aðalfunda. Hjólreiðadeild og Þríprautardeild voru í samstarfi með hjólaæfingar á árinu og hafa byggt upp aðstöðu með Sporthúsinu sem var stækkuð í september. Deildin keypti fleiri hjól í haust og á núna 9 IC8 hjól.

Um vor og sumar 2019 var boðið upp á 4 æfingahópa eða námskeið.

A. Barnanámskeið á vegum Breiðabliks (2x1 vika).

Umsjónarmaður var Sæþór auk aðstoðar frá Elsu Maríu og Þórhalli og Kópavogsbæ.

B. Fjallahjólanámskeið fyrir unglinga í 8 vikur. Umsjónarmenn voru Sæþór og Rob auk þess sem Elsa og Unnur komu til aðstoðar og Ingvar leit við í heimsókn. Þarna náðum við 60% aukningu.

C. Æfingar fyrir almenning, 10 vikna námskeið sem hófst í lok maí. 30 nýir meðlimir skráðu sig í þann æfingapakka og 18 héldu áfram í haust inni.

D. Æfingar fyrir keppnishóp

Það varð gríðarleg fjölgun meðlima í deildinni, bæði síðasta sumar og svo í haust inni í Sporthúsi. Æfingum fjölgaði einnig mjög mikið, bæði síðasta sumar og inni í vetur. Boðið var

upp á 16 tíma í viku í Sporthúsinu og 3 unglingatíma í viku. Um 180 hafa aðgang að æfingum félagsins í Sporthúsinu og 20 eru með prógram til að fylgja heima á trainer. Skráðir iðkendur á HRÍ eru 176 sem inniheldur einnig fólk sem er ekki í æfingaprógrammi hjá deildinni en keppir fyrir Breiðablik í hjólreiðum.

Starfsmannamál

Hjólreiðadeildin réði nokkra þjálfara sem hafa séð um að búa til prógram og stýra inni- og útiæfingum. Þjálfarar veturinn 2019-2020 voru Atli Knútsson, Elsa María Davíðsdóttir, Fannar Gíslason, Guðmundur Sveinsson, Guðrún Sigurðardóttir, Gunnar Wedholm Helgason, Hákon Hrafn Sigurðsson, Hjalti G. Hjartarson, Jón Ingi Sveinbjörnsson, Júlíana Þóra Hálfánardóttir, Magni R. Sigurðsson, María Sæmundsdóttir, Margrét Pálsdóttir og Silja Úlfarsdóttir. Að auki stýrði Halldóra Gyða útiæfingum síðasta sumar.

Hjólreiðakeppnir og verðlaun

Deildin hélt tvær keppnir á árinu 2019 en það voru vortímataka Breiðabliks sem fór fram í byrjun maí á nýrri braut á Vatnsleysuströnd. Einnig hélt deildin Íslandsmeistaramótið í tímatöku á sömu braut í lok júní.

Nokkrir meðlimir deildarinnar kepptu á Íslands- og bikarmótum HRÍ (Hjólreiðasamband Íslands) og eignaðist deildin einn Íslandsmeistara sem náði fjórum Íslandsmeistaratitlum.

Ingvar Ómarsson með 4 titla, Íslandsmeistari í tímatöku, ólympískum fjallahjólreiðum, maraþon fjallahjólreiðum og cyclocross.

Æfingaferð

Félagið fór í æfingaferð til Calpe í mars 2019 með um 20 hjólara. Ferðin heppnaðist alveg gríðarlega vel og því

var ný ferð skipulögð sem verður farin í mars 2020. Reyndar var svo mikill áhugi að á endanum urðu þetta tvær ferðir sem verða farnar með um 70 hjólurum úr félaginu.

Viðburðir

Kynningarfundur á sumarstarfinu (29. apríl 2019)

Sumargrill í Guðmundarlundi 9. júlí 2019

Kynningarfundur á vetrarstarfinu (27. ágúst 2019)

Hauptartí 1.nóvember 2019

TrainingPeaks og þjálfunarfyrirlestur 20. nóvember 2019

Stelpukvöld 17. Janúar 2020

Strákakvöld 1. febrúar 2020

Fatnaður

Þríbrautardeild og Hjólreiðadeild skipuðu nefnd á síðasta ári sem vann í því að hanna nýtt útlit á æfinga- og keppnisföt félagsins. Eftir nokkrar tilraunir var ákveðið að semja við Wattie Ink um ný föt og þau eru væntanleg til landsins í byrjun apríl.

Landslið

Nokkrir hjólreiðamenn úr Breiðablik hafa verið í landsliði HRÍ 2019 en engar æfingar hafa verið árið 2020. Ingvar tók þátt í atvinnumannakeppnum á vegum UCI (Alþjóðahjólreiðasambandsins) og tók m.a. þátt í EM í maraþonfjallahjólreiðum 6. júlí í Noregi, HM í ólympískum fjallahjólreiðum í 31. ágúst í Kanada og HM í maraþonfjallahjólreiðum 22. september í Sviss.

Heimasíða

Fréttir frá deildinni fóru inn á facebook <https://www.facebook.com/breidablikhjol/> og svo einnig inn á breidablik.is.

Erum einnig með Instagram síðu https://www.instagram.com/breidablik_hjol/ og einhverjir hjólarar halda úti Snappi á Blikarhjól.

Viðurkenningar

Ingvar Ómarsson var í 10 manna vali á íþróttamanni Kópavogs. Ingvar var valinn hjólreiðamaður ársins (6. árið í röð) hjá HRÍ.

Margrét Pálsdóttir og Ingvar Ómarsson voru valin hjólreiðafólk Breiðabliks árið 2019.

Bikarmeistarar

Arna Ösp Herdísardóttir
Bikarmeistari í TT, 30-39 ára
[+ÍSLM]

Björg Hákonardóttir Bikarmeistari í
RR, 30-39 ára

Hrafnkell Már Stefánsson
Bikarmeistari í RR, 30-39 ára

Kristrún Lilja Daðadóttir
Bikarmeistari í RR, 40-49 ára
[+ÍSLM]

Jón Ingi Sveinbjörnsson
Bikarmeistari í TT, 30-39 ára
[+ÍSLM]

Sæþór Ólafsson Bikarmeistari í
TT, 40-49 ára

Margrét Ágústsdóttir Bikarmeistari í
TT, 60+ ára

4.mars 2020
Hákon Hrafn Sigurðsson,
formaður Hjólreiðadeildar.

Ársskýrsla Karatedeildar Breiðabliks



Í stjórn deildarinnar 2019 voru:

Sigþór Samúelsson, *formaður*

Auður Ester Guðlaugsdóttir,

varaformaður

Blær Guðmundsdóttir, *meðstjórnandi*

Elfa María Magnúsdóttir, *gjaldkeri*

Gaukur Garðarsson, *meðstjórnandi*

Stjórnarfundir voru haldnir eins og þurfa þótti og verkaskipting var með ágætum.

Samantekt

Nýliðun var ágæt á árinu bæði á vor, og haustönn. Brottfall á haustönn var töluverð vonbrigði og sérstaklega í Unglingaflokknunum. Brottfall í barnaflokki er alltaf töluvert enn var óvenju mikið á haustönninni. Nýliðun á vorönn 2020 er mjög góð og eru eins og er 168 iðkendur hjá deildinni.

Karateskólinn er á sínum stað, sem og Barnaflokkar, Unglingaflokkar, Meistaraflokkur og Fullorðnir byrjendur. Mikið af aukaæfingum sem hugsaðar eru fyrir keppendur til að bæta sig í keppnisgreinum kata og kumite. Við fjölguðum þjálfurum og hvöttum þá og styrktum til að bæta sig

og efla á námskeiðum hér heima og erlendis.

Árið er búið að vera viðburðaríkt og deildin tekið þátt í fjölmörgum mótum hér heima og erlendis. 10 gull, 11 silfur og 25 brons á Íslandsmeistaramótum, Bikarmótum, og RIG. Að ógleymdum fjáröflunarsjoppum, bíóferðum, keilu, vinaæfingum, Stelpuæfingu, Gautaborg, fjölskylduæfingu, matarútteyrslu fyrir jólin til og margt margt fleira.

Fjárhagslega er staðan góð og deildin rekin með hagnaði. Tekjur aukast jafnt og þétt og hraðar en gjöldin þrátt fyrir að við séum að fjárfesta meira í þjálfun.

Það eru mörg verkefni framundan og mikilvægt að halda áfram að hlúa að meginstoðum deildarinnar – iðkendum, þjálfurum, aðstöðu og þátttöku foreldra. Deildin varð 35 ára á árinu, eigum eftir að halda upp á það.

Ætti ekki að koma neinum á óvart hver áskorun 2020 er. Við fylgjum þeirri línu sem Breiðablik setur og gerum það sem við getum með rafrænum hætti, heimaæfingum og samskiptum. Við tókum strax þá ákvörðun að halda áfram að greiða þjálfurum samkvæmt

stundatöflu og saman tókumst við á við þessar aðstæður.

f.h. stjórnar

Sigþór Samúelsson, formaður.

Iðkendir

Framboð af sambærilegum sem og öðrum íþróttagreinum er töluvert. Við höfum auglýst í hverfisblöðum og samfélagsmiðlum. Nýliðun hefur gengið vel undanfarin ár bæði á haustönn og vorönn. Þegar öllu er á botninn hvolft er greinilegt að það er góður stígandi í deildinni.

Iðkendir á vorönn 2019 voru 126 og í lok árs voru þeir 133 þrátt fyrir töluvert brottfalli á árinu (46 iðkendir) – langmest í barnaflokkum.

Karateskóli og börn byrjendur – tiltölulega fáir úr þessum hópum sem skila sér inn í barnaflokkana.

Aðstaða – margir flokkar orðnir mjög stórir og takmarkað hvernig við getum unnið úr því í núverandi aðstöðu og má rekja ákveðinn hluta brottfalls til aðstöðunnar.

Unglingsárin – vel þekkt að hluti hættir á unglingsárunum

Námskeið

Að venju var karatedeildin með sumarnámskeið og gekk það þokkalega. Móey María Sigþórsdóttir McClure, Tómas Aron Gíslason sáu um það námskeið. Stefnun á að halda sumarnámskeið i samstarfi við Kópavogsbæ núna í sumar.

Einnig fór fram hefðbundin kennsla í öllum flokkum yfir sumartímann.

Þjálfarar

Við fjölguðum þjálfurum á árinu og höfum við áfram yfir góðum og vel menntuðum hópi þjálfara að skipa.

Vilhjálmur Þór Þóruson, yfirþjálfari, 3.dan og Kenshusei

Svana Katla Þorsteinsdóttir, 2.dan

Arna Katrín Kristinsdóttir, 1.dan

Móey María Sigþórsdóttir McClure, 1.dan

Jóhanne Felix Jóhannesson 1. dan

Guðbjörg Birta Sigurðardóttir 1. dan

Natalía Ýr Hjaltadóttir 1. dan

Magnús Eyjólfsson, 2 dan

Hlynur Bjarnason, 1. dan

Tómas Aron Gíslason, 1. dan

Bjarni Hrafnkelsson, 1. dan

Móey María og Natalía Ýr sóttu þjálfaranámskeið hjá ÍSÍ.

Skiptir sköpum að byggja upp góðan kjarna af þjálfurum því framundan eru áskoranir sem fylgja fjölgun iðkenda og ört stækkandi flokkum.

Skiptir sköpum að byggja upp góðan kjarna af þjálfurum því framundan eru áskoranir sem fylgja örum vexti.

Æfingabúðir

Deildin tekur þátt í æfingabúðum á vegum Shotokan Sambands Íslands. Æfingabúðir voru haldnar í apríl 2018 með yfirþjálfara WTKO, Sensei Richard Amos, sem auk þess að hafa æfingabúðir, gráðaði nokkra einstaklinga upp í svart belti en það voru Elís Þór Traustason, Guðbjörg Birta Sigurðardóttir, Jóhannes Felix Jóhannesson, Hlynur Bjarnason og Tómas Aron Gíslason.

Gráðanir

Deildin tekur þátt í æfingabúðum á vegum Shotokan Sambands Íslands. Æfingabúðir voru haldnar í apríl 2019 með yfirþjálfara WTKO, Sensei Richard Amos. Enginn úr deildinni fór í gráðun hjá Amos að þessu sinni.

93 fóru í gegnum gráðun hjá deildinni á vorönn, 130 á haustönn.

Uppákomur

Fundum upp á ýmsu á árinu til að sinna félagslega þættinum í deildinni. Vínæfingar, bíóferðir, unglingskeila, vorfagnaður og ýmislegt fleira og fjölskylduæfing 28. Des (sjá mynd hér fyrir neðan).

Viðurkenningar

Á íþróttahátíð Kópavogs í janúar 2019 fengu Tómas Pálmar Tómasson og Svana Katla Þorsteinsdóttir

viðurkenningu fyrir frábæran árangur á keppnisárinu 2018. Svana Katla fékk einnig sérstaka viðurkenningu fyrir að hafa tekið þátt í HM í karate 2018.

Landsliðsverkefni

Á árinu 2019 átti deildin nokkra einstaklinga sem tóku þátt í landsliðsverkefnum hér heima og erlendis. Þetta voru þau Svana Katla Þorsteinsdóttir, Móey María Sigþórsdóttir McClure, Tómas Aron Gíslason, Bjarni Hrafnkelsson, Tómas Pálmar Tómasson, Birgir Gauti Kristjánsson, Guðjón Daníel Bjarnason, Salka Finnisdóttir og Samúel Týr Sigþórsson McClure.

Verðlaun

Svana Katla Þorsteinsdóttir átti mjög gott keppnisár í fyrra, vann til verðlauna á fjölmörgum mótum: silfur í Kata kvenna og silfur í liðakeppni í Kata á Smáþjóðaleikunum síðasta haust ásamt Móeyju Maríu Sigþórsdóttur McClure, sem er líka hjá Breiðablik; Silfur og brons á Gladsaxe Open í Danmörk, silfur á Gautaborg open. Svana er Íslandsmeistari í kata kvenna og hefur verið það í 5 ár í röð.

Tómas Pálmar Tómasson er líka búinn að eiga gott ár og vinna til fjölda verðlauna. Brons á Swedish Kata Trophy í Cadet flokki og brons á Helsinki Open í Kata 16 ára og yngri. Á Smáþjóðaleikunum í haust var Tómas Pálmar með gull í liðakeppni í Kata ásamt Blikunum Bjarna Hrafnkelssyni og Tómasi Aroni Gíslasyni. Nýlega náði Tómas Pálmar frábærum árangri á Norðurlandamótinu í Kata og endaði þar með brons í sínum flokki.

Þess má líka geta að Tómas Pálmar átti frábært keppnisár hér heima með Breiðablik og er bæði Íslands- og bikarmeistari í sínum flokki í Kata og var einnig með silfur í liðakeppni í Kata ásamt Blikunum Tómasi Aroni Gíslasyni og Samúel Týr Sigþórssyni McClure.

Á næstu blaðsíðu er að finna yfirlit yfir árangur okkar á árinu 2019 á mótum á vegum Breiðablik:

Virðingarfyllst,
Sigþór Samúelsson
Formaður

Iðkandi	Mót	Flokkur	Árangur
Samúel Týr Sigbórsson McClure	RIG	KUMITE 13 ÁRA PILTA	1
Svana Katla Þorsteinsdóttir	Bikar	Kata kvenna	1
Svana Katla Þorsteinsdóttir	ÍMF	Kata kvenna	1
Svana Katla Þorsteinsdóttir	RIG	Kata Female Senior	1
Svana Katla Þorsteinsdóttir	Bikar	Kata kvenna	1
Team - Birgir, Naima, Daníel	Gautaborg	Team Kata 12-13	1
Tómas Pálmar Tómasson	Grandprix	Kata 14 - 15 ára piltar	1
Tómas Pálmar Tómasson	ÍMU	Kata 15 ára	1
Tómas Pálmar Tómasson	RIG	Kata Cadet Senior	1
Tómas Pálmar Tómasson	Grandprix	Kata 14 og 15 ára pilta	1
Tómas Pálmar Tómasson	Grandprix	Kata 14-15 pilta	1
Breiðablik A (Tómas Aron, Tómas Pálmar, Sammi)	ÍMU	Hópkata 16 og 17 ára	2
Móey María Sigbórsdóttir McClure	Bikar	Kata kvenna	2
Móey María Sigbórsdóttir McClure	Bikar	Kata kvenna	2
Natalía Smáradóttir	ÍMB	Kata 10 ára stúlkna	2
Salka Finnsdóttir	Grandprix	Kata 13 ára stúlkna	2
Team -Sammi, Guðjón, Salka	Gautaborg	Team Kata 12-13	2
Tómas Aron Gíslason	Grandprix	Kata 16 - 17 ára piltar	2
Tómas Aron Gíslason	ÍMU	Kata 16 ára	2
Tómas Aron Gíslason	RIG	Kata Cadet Senior	2
Tómas Aron Gíslason	Grandprix	Kata 16-17 ára pilta	2
Birgir Gauti Kristjánsson	Grandprix	Kata 13 ára pilta	3
Bjarni Hrafnkelsson	RIG	Kata Cadet Senior	3
Bjarni Hrafnkelsson	RIG	Kumite Male Cadet -63	3
Bjarni Hrafnkelsson	Grandprix	Kata 14 og 15 ára pilta	3
Daníel Orri Gunnlaugsson	ÍMU	Kata 12 ára	3
Daníel Orri Gunnlaugsson	Grandprix	Kata 12 ára pilta	3
Gabriela Ora Gutraiman	ÍMB	Kata 10 ára stúlkna	3
Guðjón Daníel Bjarnason	Grandprix	Kata 13 ára pilta	3
Hákon Garðar Gaukssoin	ÍMU	Kata 15 ára	3
Ísak Breki Ólafsson	Gautaborg	Kata 11 ára	3
Móey María Sigbórsdóttir McClure	RIG	Kata Female Junior	3
Móey María Sigbórsdóttir McClure	RIG	Kata Female Senior	3
Móey María Sigbórsdóttir McClure	ÍMF	Kata kvenna	3
Móey María Sigbórsdóttir McClure	Bikar	Kata kvenna	3
RÓBERT DENNIS SOLOMON	ÍMU	Kata 14 ára	3
Samúel Týr Sigbórsson McClure	Grandprix	Kumite 14 ára pilta	3
Samúel Týr Sigbórsson McClure	Grandprix	Kata 14 - 15 ára piltar	3
Samúel Týr Sigbórsson McClure	RIG	KATA 13 ÁRA PILTA	3
Samúel Týr Sigbórsson McClure	Grandprix	Kumite 14 ára piltar	3
Samúel Týr Sigbórsson McClure	ÍMU	Kata 14 ára	3
Samúel Týr Sigbórsson McClure	ÍMU	KUMITE 14 ára piltar	3
Team - Birgir, Sammi og Birgir	Gautaborg	Team kumite 12-13	3
Team-Ísak, Arey og Birkir	Gautaborg	Team Kata 11-12	3
Tómas Aron Gíslason	Grandprix	Kata 16 og 17 ára pilta	3
Tómas Aron Gíslason	ÍMF	Kata karla	3

Ársskýrsla Knattspyrnudeildar Breiðabliks



Í annað sinn heldur knattspyrnudeild Breiðabliks nú aðlafundur sinn að hausti til en þessi nýbreytni var tekin upp með breytingu á samþykktum árið 2018. Með breytingunni fer saman í tíma starfstími stjórnar sem kjörin er til eins árs í senn og knattspyrnuárið hér á Íslandi sem í raun stendur frá hausti til hausts. Þessi breyting er almennt talin til bóta enda til þess fallin að stilla enn betur saman strengina á milli stjórnarstarfsins og þeirra sem eru virkir þátttakendur í starfinu frá degi til dags.

Störf stjórnar hafa gengið vel fyrir sig á liðnu rekstrarári. Hún hittist að jafnaði á tveggja vikna fresti, fer yfir þau verkefni sem á döfinni eru og mótar stefnuna fram veginn. Á köflum mæðir mikið á stjórnarmönnum og ekki síður ráðsmönnum þeirra þriggja ráða sem undir stjórnina heyra. Á það ekki síst við á meðan leiktíðin stendur yfir.

Keppnistímabil meistaraflokkanna eru sífellt að lengjast, kröfurnar að vaxa og verkefnunum að fjölga. Enn frekar á það við á árum eins og í ár þegar báðir meistaraflokkar okkar voru í Evrópukeppni. Í því samhengi er mér sérstaklega ljúft að minnast hér á frábæran árangur kvennaliðs okkar í þeirri keppni en liðið náði eins og

kunnugt er í 16 liða úrslit keppninnar. Barna- og unglingaráð gengur eins og smurð vél og rekur gríðarlega öflugt starf þar sem margar hendur koma að. Ofan á daglegan rekstur og þáttöku í mótum bætast risastórir viðburðir eins og t.d. Símamótið sem að mínu mati er glæsilegasta knattspyrnumót landsins.

Allir stjórnarmenn eru að sjálfsögðu sjálfboðaliðar sem gefa vinnu sína samhliða vinnu annarsstaðar. Þekkt er að það viðamikla starf sem við reukum um allt félagið er að stórum hluta haldið uppi af sjálfboðaliðum. En við njótum líka svo um munar aðstoðar okkar frábæru starfsmanna. Innan félagsins hefur á undanförunum árum byggst upp mikil þekking og reynsla þeirra á meðal á rekstri íþróttafélags sem við erum öll að njóta góðs af.

Óhætt er að segja að starf knattspyrnudeildar hafi sjaldan staðið í jafn miklum blóma og um þessar mundir. Árangurinn á keppnisvellið er góður og allir flokkar félagsins í fremstu röð í sínum hópi. Iðkenda fjöldinn í æskulýðsstarfinu fer jafnt og þétt vaxandi og sér ekki fyrir endann á þeirri þróun þótt félagið sé nú þegar með lang-flesta iðkendur allra félaga á landinu.

Á sama tíma tekst fagfólki okkar að auka gæðin í starfinu frá ári til árs.

Framfarirnar eru ekki einungis bundnar við þjálfun heldur aukast gæði skipulags, utanumhalds og upplýsingagjafar til iðkenda og forráðamanna jafnt og þétt. Áherslur stjórnar sem mótaðar voru í sumar eru mjög á þeim nótum að styrkja betur þær stöðir sem standa undir öflugum æskulýðs- og uppeldisstarfi félagsins m.a. með aukningu stöðugilda inn í þann hluta starfsins sem snýr að þróun nýjunga, skipulagi, upplýsingagjöf og þjónustu til starfsmanna, iðkenda og forráðamanna.

Í þessu samhengi ber líka að geta þess að í byrjun árs réðum við Blikar til starfa Dr. Viðar Halldórsson félagsfræðing og prófessor við Háskóla Íslands um að hann verði í ráðgefandi hlutverki fyrir deildina á næstu misserum og komi þar að greiningu, fræðslumálum, eflingu innra starfs og þróun- og stefnumörkun deildarinnar. Viðar hefur verið leiðandi í því að beina sjónum að félagslegum forsendum árangurs og skoðað sérstaklega hvernig menning mótar stemningu og árangur liða og hópa á ýmsum sviðum. Stjórn bindur miklar vonir við afraksturinn að vinnu Viðars og það gagn sem af henni mun hljóta til skemmri og lengri tíma.

En það leiðarljós og þær áherslur sem urðu til í rýnivinnu stjórnar í sumar einblína ekki einungis á uppeldisstarfi heldur voru líka lagðar línur í afreksstarfi yngri flokka og tengingu þess við meistaraflokka félagsins. Birtingarmynd þeirrar áherslu í haust eru m.a. auknar fjárveitingar til afreksþjálfunar einstaklinga í yngri flokkum. Einnig voru sett í fastar skorður samvinna og samskipti þjálfara meistaraflokka félagsins við starfsfólk, afreksþjálfara og aðra þjálfara yngri flokka félagsins. Þarna er er stjórnin að koma í framkvæmd þeirri áherslu sinni að Breiðablik skuli vera uppeldisfélag í fremstu röð sem gefur ungum iðkendum aðbúnað og tækifæri til að

blómstra. Til þess að það lukkist þurfa allir að ganga í takt; þjálfarar, starfsmenn og stjórnarmenn. Mikilvægt er að hér sé samanburðurinn ekki einungis við það sem best gerist hérlendis, heldur sé einnig horft til annarra landa. Í þessu samhengi fögnum við mjög tilkomu Afrekssviðs MK sem sett var á laggirnar síðastliðið vor. Áttu íþróttafélögin stóru í Kópavogi ríkan þátt í að koma verkefninu á laggir en slíkar brautir í framhaldsskólum auðvelda iðkendum sem taka íþrótt sína alvarlega að stunda nám sitt samhliða.

Aðstöðumál deildarinnar voru mjög í umræðunni árið 2018 og köflum mikill hamangangur í samskiptum félagsins og fulltrúa Kópavogsbæjar af þeim völdum. Þótt niðurstaðan hafi ekki orðið sú sem Breiðablik lagði upp með þá er það engu að síður staðreynd að æfingaaðstaða félagsins yfir vetrarmánuðina hefur batnað. Nýr Fagrilundur getur boðið upp á æfingar allan veturinn og það sama gildir um Kópavogsvöll en með tilkomu hans fetum við Blikar í fótspor margra annarra liða í fremstu röð á Íslandi sem þekja aðlavöll sinn gervigrasi. Sú ákvörðun varð á endanum minna umdeild en margir spáðu fyrirfram. Sitt sýnist hverjum í þeim efnunum og ég ætla ekki að hætta mér út í þá umræðu hér hvort frekar eigi að spila leiki á náttúrulegu grasi. Einn ótvíræðan kost hefur þó gervigrasið framyfir hið náttúrulega en hann er sá að nýtingartíminn yfir árið. Hefur það til að mynda verið sérlega ánægjulegt að sjá æfingar og leiki hér á Kópavogsvellinum í allt haust – í flóðljósum við fyrsta flokks aðstæður. En við þurfum að halda baráttunni áfram fyrir bættri aðstöðu til að halda í við það sem best gerist. Nægir það t.d. að nefna að lyftingaraðstaða deildarinnar og félagsins í heild er óviðunandi og gerir það að verkum að sækja þarf þjónustuna annað. Einnig

vil ég nefna hér að verulega er farið að þrengja að skrifstofu- og fundaraðstöðu hjá félaginu sem stendur á köflum daglegri starfsemi fyrir þrifum.

Eins og ég kom inná hér áðan þá er það mín skoðun að knattspyrnudeild Breiðabliks sé á góðum stað um þessar mundir. Ég kom inná þjálfun, skipulag og stjórnun og einnig nýja velli. Til viðbótar má nefna fjármálin. Þótt enginn safni auði á því að reka knattspyrnudeild á Íslandi þá veit ég að mörg félög hérlandis horfa til okkar þegar kemur að rekstarhliðinni og vilja læra af okkur. Þar höfum við að mínu mati siglt á milli skers og báru þegar kemur að því að sýna skynsemi í fjámálum annarsvegar en að vera samkeppnishæf hinsvegar. Það er ekki alltaf auðvelt að stjórna slíku skipi í hita leiksins, en þótt skjótt skipist veður þá ég tel okkur samt á réttri leið þar. Farið verður yfir fjármál og reikninga félagsins á framhaldsaðalfundi eftir áramótin, eins og ég geri ráð fyrir að fundarmenn þekki.

En þótt ég telji okkur á góðum stað þá er það líka mín skoðun að við eigum mikið inni og ennþá langt í land með að nýta okkur alla þá möguleika og tækifæri sem við höfum. Ein mælistika á árangur er gæði félagsstarfsins. Önnur mælistika er árangurinn á keppnisvellingum. Við Blikar erum í

fremstu röð á báðum vígstöðvum. Þangað höfum við komist hægt og bítandi. En við eigum ekki að láta þar við sitja heldur sækja fram og bæta okkur enn frekar. Höldum áfram að rýna starfið til gagns og taka enn meiri framförum. Framförum sem skilja á endanum á milli okkar og keppinautanna.

Eftir að hafa stiklað hér á stóru í störfum stjórnar vil ég beina orðum mínum hér að samstjórnarmönnum mínum og þakka þeim fyrir einkar gott samstarf á liðnu starfsári og góð kynni. Þið eru einvalalið. Einnig þakka ég framkvæmdastjóra og hans frábæra starfsfólki fyrir góða samvinnu, vinnusemi og dugnað við að halda starfinu okkar gangandi frá degi til dags með miklum glæsibrag.

Góðar stundir

Orri Hlöðversson,
formaður knattspyrnudeildar

Ársskýrsla Kraftlyftingadeildar Breiðabliks



Hér á eftir verður rakið í stuttu máli það sem hæst bar hjá kraftlyftingadeild Breiðabliks á árinu 2019.

Árangur á mótum

Janúar

Einn keppandi frá Breiðabliki tók þátt á Alþjóðlegu Reykjavíkurleikunum í klassískum kraftlyftingum (Reykjavík International Games – RIG). Það er boðsmót sem skráð er á mótaskrá Kraftlyftingasambands Evrópu (EPF) þar sem keppt er á IPF-stigum þvert á þyngdarflokka.

Guðfinnur Snær Magnússon bætti þar sinn besta persónulega árangur í klassískum kraftlyftingum um 17,5 kg með því að lyfta samanlagt 742,5 kg og ná 547,3 IPF-stigum.

Febrúar

Helgina 16.-17. febrúar héldu fimm Blikar til Akureyrar til keppni á Bikarmótunum í klassískum kraftlyftingum og kraftlyftingum (í búnaði). Ellen Ýr Jónsdóttir vann þar silfurverðlaun í +84 kg flokki í kraftlyftingum (í búnaði) með því að lyfta samanlagt 505 kg.

Í klassískum kraftlyftingum kepptu þau Birgit Rós Becker, Hjálmar Andrésón, Gabríel Ómar Hafsteinsson og Daníel Geir Einarsson. Birgit vann

gullverðlaun í -84 kg fl. með því að lyfta samanlagt 395 kg. Hjálmar vann til silfurverðlauna í -93 kg fl. með 537,5 kg samanlagt og persónulegar bætingar í öllum greinum. Gabríel keppti í -105 kg fl. og hafnaði þar í þriðja sæti. Hann lyfti einnig samanlagt 537,5 kg. Daníel vann til silfurverðlauna í -120 kg fl. með því að lyfta samanlagt 655 kg.

Breiðablik hafnaði í þriðja sæti í liðakeppni karla og fjórða sæti í liðakeppni kvenna.

Mars

Þrír Blikar kepptu á Bikarmótinu í klassískri bekkpressu sem haldið var í Njarðvík þann 17. mars. Kolbrún Hanna Jónsdóttir hafnaði í 3. sæti í -84 kg fl. og lyfti 72,5 kg. Í -105 kg fl. kepptu þeir Jakob Hrafn Ágústsson og Helgi Magnússon. Jakob hafnaði í 6. sæti með 125 kg lyftu og Helgi Magnússon hafnaði í því sjöunda með 120 kg lyftu. Daníel Geir Einarsson lyfti 150 kg og hafnaði í 4. sæti í -120 kg fl.

Apríl

Guðfinnur Snær Magnússon hélt til Pilsen í Tékklandi í apríl þar sem hann keppti á Evrópumeistaramóti unginga í kraftlyftingum. Þar vann Guðfinnur til

silfurverðlauna í +120 kg flokki með 952,5 kg í samanlögðum árangri.

Júní

Öldungurinn Sæmundur Guðmundsson hélt til Helsingborgar í Svíþjóð þar sem hann keppti í öldungaflokki 3 (M3) á Heimsmeistaramótinu í klassískum kraftlyftingum. Hann hafnaði í 12. sæti í -74 kg flokki með 380 kg í samanlögðum árangri.

Júlí

Evrópumeistaramót öldunga í kraftlyftingum var haldið í Sibíu í Rúmeníu í júlí. Þar voru mættir tveir Blikar, báðir í öldungaflokki 3. Sæmundur Guðmundsson keppti þar í -74 kg fl. en tókst ekki að ná gildri hnébeygju og féll úr keppni. Halldór Eyþórsson vann -83 kg fl. örugglega á nýju Íslandsmeti M3 587,5 kg. Halldór setti jafnframt Íslandsmet í M3 í öllum greinum; 230 kg í hnébeygju, 127,5 kg í bekkpressu og 230 kg í réttstöðulyftu. Íslandsmeistaramótið í réttstöðulyftu var haldið í Smáranum þann 27. júlí. Þar voru við heimamenn sigursælir. Ásdís Írena Sigurðardóttir vann -72 kg fl. með 140 kg lyftu. Birgit Rós Becker sigraði í -84 kg fl. með 170 kg. Í +84 kg fl vann Ellen Ýr Jónsdóttir til silfurverðlauna með 182,5 kg og Kolbrún Hanna Jónasdóttir hafnaði í 5. sæti með 137,5 kg. Gabríel Ómar Hafsteinsson hafnaði í 2. sæti í -93 kg fl. með 225 kg og Guðfinnur Snær Magnússon hafnaði í 2. sæti í +120 kg, á eftir heimsmethafanum Júlían J.K. Jóhannssyni úr Ármanni, með 295 kg. Blikar sigruðu liðabikar kvenna.

Ágúst

Guðfinnur Snær Magnússon hélt til Reginu í Kanada til keppni á Heimsmeistaramót unglunga í kraftlyftingum. Þar lenti hann í basli í hnébeygjunni og náði ekki gildri lyftu og féll því úr keppni.

September

Blikar áttu sinn fulltrúa á Vestur-Evrópumótinu í klassískum kraftlyftingum sem haldið var í Borgaro á Ítalíu. Birgit Rós Becker hafnaði þar í 8. sæti í -84 kg fl. með 422,5 kg samanlagt, sem var 20 kg bæting á hennar besta árangri.

Blikar áttu góðu gengi að fagna á Íslandsmeistaramótinu í klassískum kraftlyftingum sem haldið var í Garðabæ þann 14. september. Ragnar Snorrason hafnaði í 3. sæti í -83 kg fl. með 542,5 kg samanlagt. Gabríel Ómar Hafsteinsson hafnaði í 2. sæti í -93 kg fl. með 570 kg samanlagt. Ólafur Werner Ólafsson hafnaði í 6. sæti með 500 kg samanlagt. Helgi Magnússon hafnaði í 2. sæti í -120 kg fl. með 572,5 kg samanlagt. Í +120 kg fl. sigraði Guðfinnur Snær Magnússon með 765 kg samanlagt. Breiðablik vann liðabikar karla.

Íslandsmeistaramótið í bekkpressu fór svo fram á sama stað daginn eftir. Þar sigraði Björn Líndal Traustason í -74 kg fl. með 130 kg.

Október

Sæmundur Guðmundsson keppti á Heimsmeistaramóti öldunga í kraftlyftingum í Suður-Afríku. Hann hafnaði þar í 3. sæti með 460 kg samanlagt.

Nóvember

Birgit Rós Becker keppti á Evrópumeistaramótinu í klassískum kraftlyftingum í Kaunas í Litháen. Þar hafnaði hún í 11. sæti í -84 kg fl. á nýju Íslandsmeti með 432,5 kg samanlagt. Birgit bætti að auki Íslandsmetið í hnébeygju með því að lyfta 172,5 kg.

Mótahald

Kraftlyftingadeildin hefur í gegnum árin verið iðin við að taka að sér

mótahald meistaramóta. Á árinu hélt deildin þrjú meistaramót.

Deildin hélt veglegt Íslandsmeistaramót í réttstöðulyftu í Smáranum þann 27. júlí. Þar luku 36 keppendur keppni, margir hverjir í heimsklassa.

Breiðablik, Stjarnan og Ármann héldu svo saman ÍM í klassískum kraftlyftingum og ÍM í bekkpressu sem fóru fram helgina 14.-15. september í Ásgarði í Garðabæ.

Kraftlyftingafólk ársins

Kraftlyftingadeild valdi þau Halldór Eyþórsson og Birgit Rós Becker sem kraftlyftingakarl og -konu ársins 2019. Þau tóku við þeim viðurkenningum á Íþróttahátíð Breiðabliks 9. janúar 2020.

Stjórnarfundir – stjórnarstarf

Aðalfundur Kraftlyftingadeildar Breiðabliks var haldinn þriðjudaginn 9. apríl 2019 í glersal stúku Kópavogsvallar. Á fundinum var kjörin stjórn deildarinnar.

Stjórn kraftlyftingadeildar Breiðabliks 2019-2020:

Halldór Eyþórsson, formaður
Auðunn Jónsson, varaformaður^[SEP]
Elín María Guðbjartsdóttir, gjaldkeri
Róbert Kjarian, ritari
Meðstjórnendur:
Guðfinnur Snær Magnússon
Jakob Hrafn Ágústsson
Ellen Ýr Jónsdóttir
Varamenn:
Helgi Hauksson
Daníel Geir Einarsson

Stjórnin hélt að venju fjölda funda á árinu þar sem hin ýmsu mál voru tekin fyrir.

Aðstaða

Sú aðstaða sem deildin hefur til umráða er 100m² rými undir hinni nýju stúku Kópavogsvallar. Deildin hefur nú yfir að ráða einum albesta tækjakosti landsins. Deildin nýtti nú á árinu, sem fyrr, hluta iðkendagjalda til að halda við tækjakosti og til endurbóta á æfingaaðstöðunni. Til að efla megi starf deildarinnar og fjölga iðkendum þarf stærra rými til æfinga.

*F.h. kraftlyftingadeildar Breiðabliks
Róbert Kjarian, ritari*

Ársskýrsla Körfuknattleiksdeildar Breiðabliks



Á aðalfundi Körfuknattleiksdeildar Breiðabliks 2019 voru eftirfarandi kjörin í stjórn:

Sigríður H. Kristjánsdóttir, formaður
Heimir Snær Jónsson, varaformaður
Arnar Snær Kárasón
Atli Björn Þorbjörnsson
Eiríkur Aðalsteinsson
Gunnar Sv. Friðriksson
Karl Sigfússon

Þær breytingar urðu á stjórn frá fyrra ári að Björk Viðarsdóttir gekk úr stjórn, en önnur sátu áfram og við bættust Arnar Snær Kárasón, Atli Björn Þorbjörnsson og Karl Sigfússon. Á haustmánuðum sagði Karl Sigfússon sig úr stjórn og enginn kom inn í hans stað.

Að mati stjórnar þurfti að skipuleggja og móta starf í yngri flokkum betur. Því ákvað stjórn því að fara í það metnaðarfulla verkefni að ráða yfirþjálfara í fullt starf. Í lok maí gekk stjórn frá samningi við Ívar Ásgrímsson sem tók við starfi yfirþjálfara yngri flokka, sem þjálfari meistaraflokks kvenna ásamt því að þjálfa nokkra af yngri flokkum. Mikil

ánægja er innan stjórnar með ráðningu Ívars og teljum við dýrmætt að fá jafn reynslumikinn aðila til að taka næstu skref með okkur og byggja á góðan grunn sem mun að lokum skila sér í sterkum leikmönnum upp í meistaraflokka félagsins á næstu árum.

Áfram sinnir Halldór Halldórsson íþróttafulltrúi Breiðabliks einnig ýmsum störfum fyrir deildina í samráði við framkvæmdastjóra og stjórn körfuknattleiksdeildar.

Að venju bauð Breiðablik upp á sumarnámskeið fyrir yngri iðkendum, sem voru nokkuð vel sótt. Sumaræfingar fyrir elstu iðkendurna hófust svo um miðjan júní en Ívar Ásgrímsson sá um skipulag og umsjón æfinga, ásamt aðstoðarþjálfurum.

Í lok ágúst var ákveðið að blása til sóknar í körfuboltastarfi í Kópavogi og tekin var ákvörðun um að æfingum yrði haldið úti allt árið fyrir 10 ára og eldri. Skipulagðar æfingar skv töflu yrðu þannig frá lok ágúst fram í maí, en yfir sumartímenn eru æfingar með breyttu sniði fjóra daga vikunnar með fríi um helgar og í fjórar vikur í júlí.

Yfirþjálfari skipuleggur, stýrir og hefur umsjón með æfingum yfir sumartíma ásamt aðstoðarþjálfurum. Með þessu telur stjórn körfuknattleiksdeildarinnar að verið sé að auka þjónustu við iðkendur enda sé ákallið til staðar í takt við vinsældir íþróttarinnar hér á landi. Af þessum sökum hækkuðu æfingagjöld umfram venjubundnar í hækkanir, fyrir 10 ára og eldri. Þetta teljum við framfaraskref fyrir deildina og ljóst að deildin mun fara í mikla endurnýjun og reyna að taka enn fleiri skref fram á við á næstu mánuðum og árum.

Ráðning þjálfara fyrir yngri flokka gekk frekar hægt og erfitt hefur reynst að fá menntaða og reynslumikla þjálfara í allar stöður. Þó stöðugleika hafi verið náð í einhverjum flokkum þyrfti að gera betur í öðrum þar sem nokkuð hefur verið um að þjálfarar staldri stutt við og hætti jafnvel á miðju tímabili. Þetta hefur verið langvarandi vandamál og valdið eðlilegri óánægju hjá foreldrum og iðkendum.

Æfingar hófust af fullum krafti hjá elstu iðkendum strax eftir verslunarmannahelgi, en reglulegar æfingar yngri flokka hófust í lok ágúst. Meistaraflokkar æfa árið um kring með einhverju hléi að vori strax að loknu tímabili. Aftur var farið af stað með krílakörfuna fyrir leikskólabörn, en þetta er þriðja árið sem við bjóðum upp á körfubolta fyrir þau allra yngstu. Námskeiðið hefur verið mjög vel sótt. Þá hefur verið boðið upp á styttri námskeið í vetrarfríum grunnskóla Kópavogs.

Skráðir iðkendur hjá Breiðablik eru vel á fjórða hundrað og fer fjölgandi. Fjölmarginir iðkendur koma einnig reglulega til að prófa æfingu hjá deildinni þar sem sumir ílengjast en aðrir finna sig betur á öðrum vettvangi. Leikmenn meistaraflokka greiða ekki

æfingagjöld, en þau hafa skyldur samkvæmt samningum og sinna dómgæslu, fjáröflunum og öðrum störfum sem stjórn leggur fyrir hverju sinni.

Að venju var Póstmót Breiðabliks haldið síðustu helgina í janúar 2019. Undirbúningur gekk vel og framkvæmd mótsins fór vel fram. Umgjörð var öll til fyrirmyndar og bæði forráðafólk og iðkendur fóru kát og glöð heim að móti loknu. Ljóst var að þetta yrði síðasta Póstmótið í Smáranum og hófst leit að nýjum styrktaraðila sem þó náðist ekki fyrir mótið sem var síður haldið í byrjun febrúar 2020 og gekk ljómandi vel. Fóru leikir fram bæði í Smáranum og Fagralundi þar sem þátttaka var gríðarlega mikil. Ánægjulegt er að nýlega var svo samið við Eimskip um að styrkja mót 2021 og 2022. Þá er á borðinu samningur við Nathan og Olsen um að styrkja minniboltamót hjá Breiðablik.

Mikil vinna og tími fer í að leita eftir fjármagni og stjórnin þarf sífellt að vera á höttunum eftir styrkjum í starfið sem er orkufrekt, en ákjósanlegra væri að beina þeirri orku í að styrkja innviðina og bæta starfið enn frekar. Þrátt fyrir viðleitni stjórnar þá er því miður mikill halli á rekstri deildarinnar og finna þarf frekara fjármagn eigi að nást árangur með meistaraflokka á komandi árum og hægt sé að fjárfesta enn frekar í þjálfaramálum yngri flokka.

Umsjón með Utandeild er töluverð vinna og mikið kvabb sem fylgir. Eftir miklar vangaveltur stjórnar um hvort halda ætti út Utandeild var rætt að hækka æfingagjöldin þyrfti talsvert til að það myndi borga sig. Almenn ánægja er framkvæmdina en leikmenn meistaraflokka sjá um að manna ritaraborð á heimaleikjum, sem og

dómgæslu og ritaraborð í Utandeild auk dómgæslu í (Póst)mótinu, turneringum og leikjum yngri flokka. Utan ofangreinds taka leikmenn meistaraflokka einnig þátt vinnu við aðrar fjáraflanir sem til falla, svo sem teppalagningu og slíkt. Ljóst er að finna verður aðrar leiðir til að manna Utandeild eða hreinlega leggja hana niður þar sem vinnuframlag meistaraflokksleikmanna er líklega með því mesta sem þekkist í körfuknattleikshreyfingunni.

Breiðablik B er fámennur hópur og í upphafi tímabils stóð ekki til að halda deildin héldi úti liði. Í samráði við aðila þar var þó ákveðið að láta á reyna gegn því að viðkomandi aðilar sæju sjálfir um dómgæslukostnað, mönnun á leikjum og aðra umsjón sem fylgir ásamt því að aðstoða deildina eitthvað þegar þurfa þótti. Æfingagjöld fyrir aðila í Breiðablik B eru 12.000 krónur fyrir tímabilið. Liðið hefur því miður ekki sýnt mikinn vilja til að taka þátt í starfinu með því að aðstoða á álagstímum, t.a.m. dómgæslu á stórum mótum, aðstoð kringum heimaleiki mfl eða annað framlag til félagsins. Fyrirkomulagið þarf því að skoða vandlega og að óbreyttu jafnvel leggja niður að mati formanns.

Yngri flokkar

Tímabilið 2018/2019 endaði mjög vel hjá yngri flokkum körfuknattleikdeildar Breiðabliks. Þrír flokkar spiluðu til úrslita um Íslandsmeistarartitil og unnust tveir titlar. 10. flokkur drengja gerði sér lítið fyrir og urðu Íslandsmeistarar eftir að hafa endað í fjórða sæti í deildinni. Í undanúrslitum spiluðu þeir við deildarmeistara Fjölnis og unnu með 2 stigum eftir háspennuleik og ljóst að strákarnir voru tilbúnir í úrslitakeppnina. Í úrslitum spiluðu strákarnir við Stjörnuna og eftir hörku úrslitaleik vannst sigur með 4 stigum og ótrúlegum úrslitaleikjum var lokið

með sigri Breiðabliks. Glæsilegur titill hjá flottu liði. Arnar Freyr Tandrason var valinn mikilvægasti leikmaðurinn en hann spilaði einnig með 9. Flokki og var því að spila upp um einn flokk.

Unglingaflokkur spilaði einnig í úrslitum sama dag, en í undanúrslitum spiluðu Blikar við lið KR. Blikar unnu þennan leik nokkuð örugglega og voru komnir í úrslit á móti Njarðvík. Endurtekning frá því í fyrra þar sem Njarðvík hafði haft betur. Í þetta skiptið komu strákarnir öflugir til leiks og sigruðu með 5 stigum í hörku leik. Hilmar Pétursson var valinn mikilvægasti leikmaðurinn.

Tveir Íslandsmeistaratitlar á sama degi hjá Blikum og því frábærri helgi að ljúka fyrir Breiðablik og má taka það fram að þarna var Sveinbjörn Jóhannesson að vinna tvö gull sama daginn en hann var þjálfari 10. flokks og svo leikmaður í unglíngaflokki.

Mb. 11 ára spilaði einnig til úrslita um Íslandsmeistarartitil á síðasta tímabili. Tvö lið höfðu borið höfuð og herðar yfir önnur lið allt árið, Breiðablik og Stjarnan, svo það kom því ekki á óvart að þessi tvö lið skyldu spila úrslitaleik um titilinn. Leikurinn var jafn allt til loka en því miður náðu Stjörnumenn að skora síðustu körfu leiksins og unnu með 2 stigum. Frábær vetur hjá strákunum og silfur niðurstaða tímabilsins.

Aðrir flokkar stóðu sig með mikilli prýði og ljóst að yngri flokka starf deildarinnar var á ágætis stað og að töluverður efniviður væri til staðar í deildinni. Fjölgun var í yngstu aldurshópunum og voru þeir flokkar að spila mjög vel og voru með betri flokkum landsins. Það var þó ljóst að

Það þyrfti aðeins að spýta í stúlkna megin en hvorki fjölgun né árangur voru eins mikil þar og drengjamegin.

Tímabilið 2019/2020 hefur verið ágætt. Töluverð fjölgun hefur verið í yngstu aldurshópnum og er góður fjöldi í flokkum 6-12 ára, bæði hjá stúlkum og drengjum. Fjölgun hefur verið í yngstu hópnum stúlkna og er það sérstaklega ánægjulegt.

Því miður þurfti að leggja niður 8.-9. flokk stúlkna þar sem ekki náðist í hóp. Örfáar byrjuðu að æfa um haustið en erfiðlega hafði gengið að fá þjálfara fyrir umræddan flokk og allar hættu.

Einnig var ljóst að átak þyrfti í 8-9. flokki drengja þar sem mjög fáir iðkendur voru í byrjun tímabils. Þjálfarar flokksins hafa þó unnið þrekvirki og náð að fjölga verulega og eru iðkendur nú 16 talsins sem er glæsilegur árangur eftir að hafa byrjað með 6 stráka.

Deildin á nóg af góðum efniviði. Minnibolta flokkar deildarinnar hafa allir staðið sig mjög vel á þeim mótum sem eru búin og hafa sýnt að þeir eru með betri flokkum landsins, auk þess að fjölgun hefur verið töluverð þar.

Drengir í 7. flokki (mb. 11 ára í fyrra) eru ósigraðir í vetur og hafa unnið alla sína leiki nokkuð örugglega. Þá er 8-9. flokkur í mikilli endurnýjun eins og komið hefur fram og 10. flokkur er með betri flokkum á landinu, en þeir spiluðu til úrslita í bikarnum þar sem liðið tapaði með 1 stigi eftir hörku leik við Stjörnuna. Drengjaflokkur hefur verið í stöðugri framför í allan vetur og ljóst að þrátt fyrir að langflestir séu þar á yngra ári þá eiga þeir góða möguleika á því að spila í úrslitunum.

Liðið spilaði til úrslita í bikarnum en lágu þar í hörku leik á móti firmasterku KR liði. Unglingaflokkur er eins og er efstur og hafa strákarnir aðeins tapað einum leik á þessu tímabili. Þá eru þeir einnig nýkrýndir bikarmeistarar.

Hjá stúlkunum er ágætis gróska en þó er ljóst að þar þarf aðeins að bæta í fyrir næsta tímabil. Engar stelpur eru í 8-9 flokki, 7. flokkur er ágætur en eru að mestu leyti bornar upp með stelpum úr mb. 11 ára. Fjölgun hefur verið mjög góð í mb. 10 ára sem og mb. 8-9 ára og í 6-7 ára. Það þarf þó að halda vel utan um þessa flokka á næstu tímabilum og byggja upp til framtíðar.

10. flokkur stúlkna er efnilegur en nokkuð fámennur. Það er ljóst að halda þarf vel utan um þann hóp sem fer í stúlknaflokk á næsta ári og byggja upp til að koma í framhaldinu í meistaraflokk félagsins. Þær hafa staðið sig nokkuð vel í A riðli og munu ná inn í úrslitakeppnina.

Stúlknaflokkur er í B riðli og hafa átt góða spretti. Þær eru í baráttunni um að komast í úrslitakeppnina sem tvö af topp liðum B riðils komast í. Þar hafa orðið þjálfaraskipti og nú komin inn þjálfari sem hefur mikinn metnað fyrir starfinu og hefur gert vel með hópinn. Það er því nokkuð bjart framundan þar.

Yngri flokka starf deildarinnar er í góðum farvegi þó auðvitað megi alltaf gera betur eins og komið hefur fram. Árangur yngri flokka er glæsilegur drengjamegin, tveir Íslandsmeistararitlar og einn bikarmeistararitill eru því til sönnunar. Blikar áttu lið í úrslitaleik allra yngri flokka drengja fyrir utan 9. flokk. Unglingaflokkur, drengjaflokkur og 10. flokkur drengja spiluðu allir til úrslita um bikarmeistararitilinn núna í

febrúar. Árangur sem hægt er vera stolt af.

Þjálfarar deildarinnar eiga hrós skilið fyrir þá vinnu sem þeir hafa skilað á síðustu mánuðum og má þakka þeim fyrir fjölgun þann góða árangri sem deildin hefur náð á tímabilinu.

Við erum stolt af okkar fólki og það er ljóst að körfuknattleiksdeild Breiðabliks er tvímælalaust á uppleið. Það hefur verið mikil hvatning til okkar í starfinu að sjá alla þessa efnilegu iðkendur okkar verða enn betra körfuboltafólk.

Meistaraflokkar

Meistaraflokksstarfið gekk upp og ofan og síðasta tímabil 2018/2019 fór kannski ekki alveg eins og vonir stóðu til með, en deildin var með báða meistaraflokka í Dominos deildunum sem féllu um deild í lok tímabilsins.

Meistaraflokkur karla byrjaði tímabilið í efstu deild af miklum krafti en náðu aldrei að landa sigri og töpuðust margir leikir á lokamínútunum. Strákarnir börðust hetjulega í deild hinna bestu en því miður var niðurstaðan fall í lok tímabilsins. Margar ástæður voru fyrir fallinu en má kannski fyrst nefna að liðið var ekki heppið í útlendingavalinu. Skipt var um nokkra erlenda leikmenn sem því miður náðu ekki að spila eins og vonir stóðu til. Reynsluleysi ungs liðs Breiðabliks kom einnig í ljós og var kannski ástæðan fyrir mörgum töpum á lokamínútum leikja.

Samið var við lykilleikmenn á vormánuðum 2019 og ákveðið að stefnan yrði tekin beint upp aftur. Þá var samið við tvo erlenda leikmenn sem komu til landsins í haust, Noah King og Peter Firlik, en báðir sneru

heim á ný áður en tímabilið hófst. Í framhaldi var samið við Larry Thomas um að leika með liðinu þetta tímabil, en hann þekkir deildina vel og hefur spilað hér á landi síðustu tvö tímabil, með Hamri og Þór Akureyri.

Tímabilið 2019/2020 byrjaði mjög vel og voru Blikar á toppnum um áramótin en eftir áramót hefur róðurinn aðeins þyngst og ljóst að liðið mun ekki ná toppsæti deildarinnar. Miklar framfarir hafa orðið á liðinu sem hefur unnið 16 af 19 leikjum tímabilsins og mun því leika í úrslitakeppni þar sem vonandi næst sigur og sæti í efstu deild á næsta tímabili.

Breiðablik er eina liðið í deildinni sem er eingöngu skipað einum erlendum leikmanni og þá eru flestir leikmenn liðsins enn í unglingsflokk. Árangur vetrarins er því nokkuð góður, sérstaklega í ljósi þess að mörg lið eru með allt að fjóra erlenda leikmenn og því var ljóst að erfitt verkefni væri fyrir höndum. Úrslitakeppnin er þó eftir og verður gaman að sjá hið unga lið Breiðabliks berjast þar um sæti í efstu deild.

Meistaraflokkur kvenna féll einnig úr deild hinna bestu á síðasta tímabili. Liðið var þó ágætlega skipað og gerði atlögu að því að halda sætinu undir lok tímabilsins en náðu einungis að sigra í 4 leikjum. Má segja að það hafi verið vonbrigði þar sem liðið hafði alla burði til að halda sæti í efstu deild. Sumarið 2019 var Breiðablik svo boðið að taka aftur sæti í efstu deild eftir að Stjarnan ákvað að draga lið sitt úr keppni. Var það að sjálfsögðu þegið. Vandamálið var hinsvegar að boðið kom en í byrjun júní og þá ljóst að liðið hafði þegar misst leikmenn sem ekki vildu spila í neðri deild. Þá fór einn leikmaður í nám til Bandaríkjanna og vitað að önnur í meiðslum kæmi ekki tilbaka í

fyrsta lagi um áramót. Þá höfðu flestir leikmenn í deildinni samið við önnur lið. Það var því nokkuð þunnskipað lið sem mætti til æfinga í byrjun sumars. Þetta hafðist þó en vitað var strax í upphafi að á brattann yrði að sækja og þegar þetta er ritað situr liðið í næstneðsta sæti með þrjá sigurleiki, einum sigurleik á undan Grindavík sem situr á botni deildarinnar. Liðið þarf nauðsynlega á 1-2 sigurleikjum á að halda til að tryggja sig í deildinni en síðasti leikur liðsins og deildarinnar er einmitt útileikur á móti Grindavík. Liðið á þó ágætist möguleika til að tryggja sig í deildinni, í þeim síðustu fjórum leikjum sem eftir eru. Samið var við Violet Kapri Morrow og Paula Tarnachowicz. Þær stóðu ekki undir væntingum og var samningi beggja sagt upp, Violet í nóvember og Paula um miðjan desember. Danni Williams samdi við Breiðablik og hefur leikið með liðinu frá miðjum nóvember.

Kostnaður vegna erlendra leikmanna á vormisseri 2019 settu fjármálin í töluvert uppnám en almennt er sá kostnaður töluverður og ljóst að ekki fer nema hækkandi vegna breyttra reglna um fjölda erlendra leikmanna og þann kostnað sem þar af hlýst, s.s. laun, húsnæði, leikheimildir, ferðalög og fleira. Eigi Breiðablik að eiga möguleika á að vera með báða meistaraflokka í efstu deild bæði nú og í framtíðinni er ljóst að verulega innspýtingu þarf í fjármagni til deildarinnar.

Aðstöðumál

Aðstöðumál

körfuknattleiksdeildarinnar hafa verið í brennidepli undanfarin ár og margt sem þarf verulega að bæta úr þar. Deildin er með íþróttahús Smárans frá kl. 15 alla virka daga en frá hádegi á laugardögum. Þá er deildinni úthlutaðir tímar í íþróttahúsum Fagralunds,

Lindaskóla og Kársnesskóla. Hins vegar hefur deildin sótt fast á það að fá aðstöðu í efri byggðum Kópavogs og ár eftir ár er sóst eftir tímum í íþróttahúsi Digraness sem og Kórnum og Vatnsendaskóla en þeirri beiðni er ávallt hafnað án þess að rök séu færð fyrir þeirri ákvörðun bæjarins. Stjórnin telur mikilvægt að fá æfingatíma í öðrum íþróttahúsum til að þjónusta börn í efri byggðum betur. Tímar sem deildinni hafa verið úthlutaðir t.d. í Fagralundi eru afleitir nýtast deildinni illa. Þá má nefna stúkumálin í Smáranum en stúkan hefur verið til vandræða árum saman. Eftir mót og heimaleiki getur tekið allt frá hálf tíma upp í tvær klukkustundir að koma stúkunni inn á sinn stað. Það segir sig sjálft að slíkt er hreint ekki boðlegt og ekki leggjandi á sjálfboðaliða að standa í slíku, sjálfboðaliðar sem almennt eru foreldrar yngri iðkenda sem og iðkendurnir sjálfir. Ljóst er að viðræður við bæjaryfirvöld síðustu ár hafa verið fyrir daufum eyrum. Að mínu mati þarf nú að fara í harðar aðgerðir og viðræður er snúa að því að deildin fá aðgang að íþróttahúsum í efri byggðum svosem Digranesi, þá þarf deildin fleiri og betri tíma í Fagralundi og úrlausn á stúkumálum í Smáranum, áður en einhver hreinlega slasast.

Að lokum vil ég þakka öllum sem hafa komið að starfinu í vetur. Styrktaraðilum deildarinnar færi ég bestu þakkir, meðstjórnendum mínum fyrir gott samstarf og kynni sem og aðalstjórn og skrifstofufólki fyrir góðan stuðning undanfarin ár.

Sigríður H. Kristjánsdóttir
Formaður stjórnar
körfuknattleiksdeildar

Ársskýrsla Skákdeildar Breiðabliks



Aðilar í stjórn 2019-2020

Formaður: Kristófer Gautason
Gjaldkeri: Halldór Grétar Einarsson
Ritari: Heiðar Ásberg Atlason
Meðstjórnendur: Agnar Tómas Möller,
Birkir Karl Sigurðsson, Hallmundur
Albertsson og Kristín Jónsdóttir.

Skákþjálfun ungmenna 2018 – 2019

Afreksflokkur (erfiðleikastig 1600-2000 elóstig):

Mánudaga kl. 16:30 – 17:45 : Stúkan
Glersalur – Helgi Ólafsson

Miðvikudaga kl. 19:00 – 20:30 :
Stúkan Glersalur – Birkir Karl

Föstudaga kl. 16:30 – 17:45 : Stúkan
Glersalur – Birkir Karl (með
Framhaldsflokki + 2.-4. bekk)

Þjálfarar: Helgi Ólafsson og Ingvar Þór
Jóhannesson

Framhaldsflokkur (erfiðleikastig 1000-1400 elóstig)

Mánudaga kl. 16:30 – 17:45 : Kórinn
stofa 75 í Hörðuvallaskóla við anddyri

Þriðjudaga kl. 16:30 – 17:45 : Stúkan
við Kópavogsvöll (Glersalur)

Miðvikudaga kl. 19:00 – 20:30 :
Stúkan við Kópavogsvöll (Glersalur)
(með Afreksflokki)

Föstudaga kl. 16:30 – 17:45 : Stúkan
við Kópavogsvöll (Glersalur) (með
Afreksflokki + 2.-4. bekkur)

Þjálfari: Birkir Karl Sigurðsson

2.-4. bekkur (2010-2012) – Kópavogsstúka. (Bættist við í janúar 2020)

Mánudaga kl. 15:30 – 16:30 : Stúkan
við Kópavogsvöll (Miðhæð)

Miðvikudaga kl. 16:45 – 17:45 :
Stúkan við Kópavogsvöll (Glersalur)

Föstudaga kl. 16:30 – 17:45 : Stúkan
við Kópavogsvöll (Glersalur) (með
framh. og afreksflokki) –Birkir Karl

Þjálfari: Arnar Ingi Njarðarson

1.bekkur og yngri– Kópavogsstúka

Mánudaga kl. 15:25 – 16:25 : Stúkan
við Kópavogsvöll (Glersalur)

Miðvikudaga kl. 15:25 – 16:25 :
Stúkan við Kópavogsvöll (Glersalur)

Föstudaga kl. 15:25-16:25 Stúkan við
Kópavogsvöll (Glersalur)

Þjálfari: Lenka Ptacnikova

Stúlknaflokkur í samvinnu við
Skákskóla Íslands

Mánudaga kl. 17:30 – 19:00 : Stúkan
við Kópavogsvöll (Glersalur)

Þjálfarar: Jóhanna Björg Jóhannsdóttir
og Veronika Steinunn Magnúsdóttir

Stúlknaflokkur í samvinnu við Skákskóla Íslands

Mánudaga kl 17:00 – 19:00 Stúkan við
Kópavogsvöll (Glersalur)

Þjálfarar: Jóhanna Björg
Jóhannsdóttir og Veronika Steinunn
Magnúsdóttir

Starfsemin.

Á liðnu tímabili hefur starfsemi Skákdeildarinnar verið mjög fjölbreytt og skemmtileg. Æfingar hófust af fullum krafti í september og meðfram æfingum og mótum var ákveðið að hanna skákbúninga fyrir iðkendur Um er að ræða stuttermabol og peysu með riddara á hægri ermi og hafa okkar iðkendur sem mæta í búningi á skákmót vakið mikla athygli að undanfögnu. Í byrjun nóvember fór 26 manna hópur í keppnisferð til Hasselbacken í Svíþjóð, 11 iðkendur, 13 foreldrar og 2 þjálfarar. Þeir sem tefldu stóðu sig ótrúlega vel og bættu talsvert í reynslubankann. Góður árangur hefur náðst á hinum ýmsu skákmótum á liðnu tímabili og ber þar helst að nefna Íslandsmót ungmenna þar sem iðkendur Skákdeildar Breiðabliks unnu fimm titla af níu. Íslandsmeistararnir: Stephan Briem (U16), Benedikt Briem (U14), Gunnar Erik Guðmundsson (U12), Guðrún Fanney Briem (U10) & Arnar Freyr Orrason (U8). Hörðuvallaskóli sigraði bæði Íslandsmót Barnaskólasveita og Grunnskólasveita. Sveit Hörðuvallaskóla (Vignir Vatnar Stefánsson, Stephan Briem, Arnar Milutin Heiðarsson, Sverrir Hákonarson og Óskar Hákonarson) varð Norðurlandameistari en þeir eru allir iðkendur Skákdeildar Breiðabliks.

Í byrjun þessa árs fjölgaði iðkendum deildarinnar umtalsvert eftir að boðið var upp á frían æfingamánuð í tveimur nýjum flokkum. Annars vegar flokkur fyrir 2.-4. bekk og hins vegar flokkur fyrir 1. bekk og yngri. Iðkenda fjöldi deildarinnar telur 55 iðkendur, miðað við 35 iðkendur í fyrra. Deildin notar Sportabler forritið og hefur það reynst ágætlega. Um miðjan mars breyttist starfsemi deildarinnar verulega vegna Covid-19 og þurfti deildin að hætta æfingum í Stúkunni og Kórnum. Þjálfarar sendu skákþrautir til iðkenda, voru með æfinga myndbönd á Youtube, héldu æfingar í gegnum Zoom forritið og voru með netskáknot í gegnum vefinn chess.com. Æfingar hófust svo að nýju 4. maí og mun tímabilinu ljúka 29. maí með Lokamóti fyrir iðkendur.

Mótahald

Maí 2019: Vormót Skákdeildar Breiðabliks. Meistaramót Kópavogs Einstaklinga.

Júní-Ágúst 2019: Sumarnámskeið Breiðabliks

September 2019: Æfingar hefjast.

Nóvember 2019: Íslandsmót Ungmenna haldið í Stúkunni. Meistaramót Kópavogs liðakeppnir.

Janúar – Febrúar 2020: Skákhátíð Mótx (Gestamót Breiðabliks og Hugins).

Landslið

Nokkrir skákmenn úr Breiðabliki hafa verið í yngri landsliðum í Skák. Vignir Vatnar Stefánsson, Birkir Ísak Jóhannesson, Stephan Briem, Arnar Milutin Heiðarsson, Benedikt Briem, Gunnar Erik Guðmundsson og Guðrún Fanney Briem.

Heimasíðan

Fréttir frá deildinni fóru inn á Facebooksíðu deildarinnar og einnig inná Breiðablik.is

Fjárhagurinn

Tekjur jukust úr 3,3 millj í 5,4millj. Afgangur varð 962.569 kr. Helstu tekjurnar eru æfingagjöld 1342þús, Skákstyrktarsjóður Kópavogs 792þús, starfsstyrkur Kópavogsbæjar 228þús, Lottó 200þús, aðalstjórn Breiðabliks 120þús, Skákstyrktarsjóður Kópavogs 325þús. Fáum síðan ýmsa styrki frá fyrirtækjum um 850 þús.

Stefnumörkun

Áframhaldandi þróun flokkaskiptinga.

Áætluð hópaskipting næsta haust er:

Afreksæfing: Björn Ívar (1x í viku 90 mínútur. Fyrir þá sem ná afreksmörkum SÍ, gæti verið fyrir 3-5 iðkendur eins og staðan er í dag, hugsað sem umbun fyrir góðan árangur)

Framhalds 2 : Birkir Karl (3x í viku 90 mínútur allir með skákstig)

Framhalds 1: Björn Ívar (2x í viku 90 mínútur, + sameiginleg framhalds 2)

3.-5. Bekkur: Arnar Ingi (2x í viku + sameiginleg)

2. bekkur og yngri: Lenka (3x í viku)

6. maí 2020

Kristófer Gautason

Formaður Skákdeildar Breiðablisk.

Ársskýrsla Skíðadeildar Breiðabliks



Á síðasta aðalfundi, sem haldinn var í Smáranum 9. apríl 2019, voru eftirtaldir kosnir í stjórn skíðadeildar Breiðabliks og skipti stjórnin með sér verkum á eftirfarandi hátt:

Formaður: H. Davíð Björnsson
Gjaldkeri: Ævar Rafn Björnsson
Ritari: Sara Fönn Jóhannesdóttir

Meðstjórnendur:
Kári Arnar Káron
Steinunn Arna Jóhannesdóttir

Fulltrúi foreldrafélagsins:
Steinunn Arna Jóhannesdóttir
Til vara: Garðar Þorvarðarson

Formaður hefur setið fundi Skíðaráði Reykjavíkur (SKRR) sem áheyrnarfulltrúi og fundi betri skíðasvæði Bláfjöll/Skálafell.

Alpagreinanevnd:

Í alpagreinanevnd hafa starfað Stefán Árni Auðólfsson og Davíð Björnsson

Nevndin sér um ráðningu þjálfara og annað sem snýr að þjálfun.

Mótanefnd:

Mótanefnd skipa Smári R. Þorvaldsson, Stefán Árni Auðólfsson, Garðar Þorvarðarson og Davíð Björnsson og er mótahald á vegum deildarinnar í þeirra höndum.

Vegna aðstæðna náðist ekki að halda nema lítinn hluta af mótum vetrarins og ekkert af stóru mótunum UMÍ, SMÍ og Andrésar Andarleikana.

Skálanefnd:

Breiðabliksskálinn skíðamiðstöð Kópavogs í Bláfjöllum er mikilvæg undirstaða fyrir starf deildarinnar. Rekstur skálans er í traustum höndum skálanefndarinnar, en hana skipa Jóhannes Sveinbjörnsson formaður og skálavörður er Bergþór Kárason.

Eldhúsið ver endurnýjað og sáu Óðinn Sörli Ágústsson og Davíð Björnsson um framkvæmdir.

Foreldrafélag:

Í foreldrafélaginu hafa starfað Steinunn Arna Jóhannesdóttir, formaður, María

Kristín Valgeirsdóttir, gjaldkeri, og Ingólfur Óskarsson, meðstjórnandi.

Hlutverk foreldrafélagsins er að:

Auka velferð, áhuga og vellíðan iðkenda, stuðla að auknum tengslum foreldra við félagið, hafa umsjón með fjáröflun iðkenda vegna æfinga- og keppnisferða, hafa umsjón með gistingu í skála og skipuleggja sjoppuvaktir í skálanum.

Þjálfarar:

Þjálfarar 7. ára og yngri hafa verið þær Íris Long og Guðrún Hulda Gunnarsdóttir. Hjá 8-9. ára Snorri Páll Guðbjörnsson og Ólafía Elísabet Einarsdóttir 10–11.ára. Kristján Flosason yfirþjálfari. Sigurður Nikulásson sér um 12–13.ára og Arnór Þorkell Gunnarsson 14–15. Marko Spoljark og Patrick Demers hafa séð um 16. ára og eldri.

Starfið í vetur

Haustæfingar hófust að venju í september. Áfram var mikill metnaður var lagður í styrktaræfingar. Fyrsta æfingin í Bláfjöllum var 16. nóvember opnunardagar eru orðnir 51 um miðjan mars þegar lokað var vegna Covid-19 faraldursins. Þessi vetur hefur verið einstakur hann fór vel af stað og voru 15 opnunardagar fyrir áramót en vegna ástands út af COVID voru skíðastaðir lokaðir um miðjan mars og þrátt fyrir mikinn snjó og ágæt veðurskilyrði var ekki hægt að opna fyrr en 4. maí við vonum eftir að ná sem flestum

skíðadögum nú í vor. Samstarf við skíðafélögin í Reykjavík hélt áfram í vetur, hjá 16 ára og eldri Skíðalið Reykjavík og Breiðabliks. Hjá yngri flokkunum hélt samstarfi á fram við KR.

Keppni erlendis.

Farið var keppnisferð í lok janúar á alþjóðlegt mót til Andorra í flokkum 12-13 og 14-15 ára sex keppendur fóru 4 drengir og 2 stúlkur. Skiluðu keppendur glæsilegum árangri hæst ber að Jón Erik Sigurðsson sigraði í svigi 14-15 ára.

Lokaorð.

Það er ekki hægt að segja annað en þessi vetur hafi leikið skíðaíþróttinni grátt eins og jú öðru Íþróttastarfi. Vegna COVID náðum við ekkert að æfa né keppa eftir miðjan mars. Ekki hefur uppbygging á skíðavæðinu verið okkur hliðholl því ekkert hefur gerst í þeim málum þrátt fyrir áætlanir það er ekki annað hægt að segja en þetta sé til háborinna skammar hvað þessu málum er illa sinnt

*Fyrir hönd stjórnar skíðadeildar
Breiðabliks,*

Davíð Björnsson

Ársskýrsla Sunddeildar Breiðabliks



Síðasti aðalfundur deildarinnar var haldinn í Smáranum 4. mars 2019

Á fundinum voru eftirtaldir kosnir í stjórn:

Bryndís Sigurðardóttir, *formaður*
Gunnlaugur Þór Guðmundsson,
gjaldkeri

Meðstjórnandur:

Guðlaug Björnsdóttir
Hákon Hrafn Sigurðsson
Hjördís Rögn Baldursdóttir
Þóra Kristín Bjarnadóttir

Starfsemin

Starfsemi deildarinnar hefur verið með nokkuð hefðbundnu sniði síðastliðið ár. Stöðug ásókn hefur verið á sundnámskeiðum fyrir börn á aldrinum 4-6 ára í vetur og hefur verið uppselt á öll námskeið hjá okkur. Þessi velgengni hefur ýtt undir fjölgun iðkenda í yngstu sundhópunum. Á árinu 2019 voru

160 iðkenndur skráðir í sunddeild Breiðabliks sem er fjölgun um 24 iðkenndur.

Stjórnarfundir voru haldnir að jafnaði á þriggja til fjögurra vikna fresti eða eftir þörfum. Rekstur deildarinnar hefur verið með svipuðu sniði og síðasta ár enn það varð ljóst í haust að við þurftum að hækka æfingargjöldin til að standa straum af hækkandi launakostnaði og í von um að deildin ætti haldbært fé til að takast á við óvæntan kostnað. Það kom í ljós að sú hækkun varð lífsnauðsynleg fyrir deildina vegna aukins launakostnaðar, minkandi tekjur úr sundnámskeiðum og síðan núna vegna Covid-19. Sunddeildin varð að fella niður 6 vikna sundnámskeiðin sem áttu að hefjast í byrjun apríl og endurgreiða þeim sem voru búin að skrá sig.

Starf sunddeildarinnar fór fram í Kópavogslaug og í íþróttamiðstöðinni í Versölum í Salahverfi líkt og undanfarin ár. Æfingahópar í Salalaug voru C, D, E og sundnámskeið fyrir 4-6 ára. Í Kópavogslaug voru starfræktir 5 æfingahópar í barna og unglíngahópum.

Starfsmannamál

Endurnýjaðir vor samningar við Gunnar Egill Benónýsson, Sigurð Daniel Kristjánsson og Ingibjörgu Guðmundsdóttir. Vegna skorts á þjálfurum þá felldum við niður E-hópin í Salalaug og fengum Sigurð Daniel til að taka við D hópnunum sem við erum honum óendanlega þakklát fyrir.

Gunnar Egill hefur séð um þjálfun B og C hóps í Kópavogslaug. Í Salarlaug hafa þau Sigurður Daniel séð um þjálfun barna í C- og D hóps og Ingibjörg séð um sundnámskeiðin.

Yfirþjálfari er Arna Þórey Sveinbjörnsdóttir en hún sér um þjálfun A-hóps, D-hóp og kennslu á sundnámskeiðum fyrir 4-6 ára í Kópavogslaug ásamt öðrum tilfallandi verkefnum. Karl Pálmason þjálfar einnig A-hóp samhliða Örnunni Þórey. Anna Steinun hefur séð um þjálfun E-hóps.

Vantaði sunddeildinni 2 þjálfara allan veturinn og varð meira álag á aðra þjálfara deildarinnar fyrir vikið.

Félagsstarfsemi og þátttaka á sundmótum

Farið var á mörg sundmót á síðastliðnu ári líkt og undanfarin ár, bæði hjá öðrum félögum og á vegum Sundsambands Íslands.

Á ÍM50 átti sundfólk úr Breiðablik mjög gott mót en samtals unnum við til 27 verðlauna, 7 gull, 12 silfur og 8 brons. Fengum fimm íslandsmeistararitla í einstaklingsgreinum og einnig tvo í boðsundsgreinum.

Aldursflokkameistaramót Íslands (AMÍ) í sundi var haldið helgina 21. – 23. júní í Reykjanesbæ. Sunddeild Breiðabliks átti 33 keppendur á mótinu. AMÍ er bæði einstaklings- og liðakeppni og endaði sunddeild

Breiðabliks í 3. sæti í liðakeppninni með mun færri keppendur en önnur félög í efstu sætunum.

Veitt eru verðlaun fyrir stigahæstu sundmenn í flokkum 12 ára og yngri, 13-14 ára og 15-17 ára bæði í kvenna og karlaflokki. Þar átti Breiðablik 3 af 6 stigahæstu einstaklingana.

Sundmenn Breiðabliks náðu einnig lágmörkum inn á stærri mót erlendis og má þar nefna Evrópumeistaramót unglinga, EMU, sem var haldið í Kazan í Rússlandi, NÆM – Norðurlandamót æskunnar sem fór fram í Kaupmannahöfn í júlí og EYOF – Ólympíuhátið Evrópuæskunar sem fór fram í Baku í Azerbajjan einnig í júlí.

Síðan náðu 7 iðkendur Breiðabliks inn á Norðulanda-meistaramótið sem haldið í Færeyjum í 25m laug. Voru þau öll félaginu til mikilla sóma.

Bikarmót Sundsambands Íslands var haldið í Vatnaveröld í Reykjanesbæ og varð Breiðablik í öðru sæti í karlaflokki og þriðja sæti í kvennaflokki. Var þetta best árangur sunddeildar Breiðabliks frá upphafi.

Íslandsmeistaramótið í 25m laug (ÍM25) Samtals vann félagið 11 Íslandsmeistararitla í einstaklingsgreinum og einn í boðsundum. Sundmenn félagsins hlutu 11 gull verðlaun, 10 silfur og 8 brons í einstaklingsgreinum og 1 gull, 4 silfur og 2 bronsverðlaun í boðsundum. Blíkar urðu Íslandsmeistarar í 4x200m skrið kvenna í boðsundi.

Í desember var jólagleiði sunddeildarinnar haldin í innilaug Kópavogslaugar en það er sýningar- og skemmtimót fyrir alla iðkendur deildarinnar og tóku foreldrar og þjálfarar einnig virkan þátt. Keppt var í 50 metra flugsundi og skriðsundi, sundsýning var hjá yngstu krökkunum og boðsundskeppni. Í lokin var synt

með kerti, jólalög sungin og öll ljós í lauginni voru slökkt og vakti það mikla lukku hjá sundmönnum. Að lokinni jólagleiðinni var boðið uppá mandarínur, kókómjólk og piparkökur líkt og undanfarin ár.

Árleg uppskeruhátíð sunddeildar var haldin í Smáranum 23. Febrúar 2020 þar sem verðlaun voru veitt fyrir góðan árangur árið 2019.

Endurnýjun tæknibúnaðar

Þrátt fyrir nýjan tæknibúnað þá hefur sunddeildin ekki náð að halda sundmót þar sem upplýsingataflan datt út. Í janúar kom svo taflan sem hafði verið beðið eftir og fulltrúar úr stjórn sátu námskeið til að læra á hana og allir voru í skýjunum með að vera komin með allt sem til þarf til að halda frábært sundmót. Sundlaug Kópavogs hefur einnig endurnýjað talningarspjöldin sem voru virkilega komin til ára sinna.

Foreldrastarf

Meðlimir í stjórn félagsins hafa séð um allt skipulag deildarinnar síðastliðið ár en fengið góða aðstoð hjá nokkrum duglegum foreldrum. Stofnað var foreldraráð og er ráðið með hóp á Facebook til að koma með skilaboð til foreldra og þar geta foreldrar einnig komið fyrirspurnir Þó er mikilvægt að halda áfram að virkja fleiri foreldra til starfa til að dreifa álaginu og ábyrgð.

Heimasíða, Instagram og youtube rás Breiðabliks

Fréttir frá deildinni fara allar inná heimasíðu deildarinnar en Facebook

síðan hefur einnig verið mjög virk og eru margir sem skoða hana reglulega en þar eru settar inn ýmsar upplýsingar sérstaklega í tengslum við sundmót, sundnámsekið og fleiri atburði. Sunddeildin heldur einnig út Instagram síðu þar sem myndir, video af mótum og fleiru er póstaðar inn. Erum við mjög ánægð hversu mikið þessar síður eru orðnar virkar með fréttum og myndu af okkar sundfólki.

Covid – 19

Sunddeildin hefur eins og öll íþróttafélög á landinu þurftu að stöðva allar æfingar deildarinnar vegna veirunnar. Yngri hóparnir stöðvuðust í kringum 16. mars og afrekshópurinn í kringum 20. mars. Þjálfarar kvöttu krakkana til að gera æfingar og komu með skemmtilega leiki fyrir þau. Það var mikill léttir þegar opnaðist fyrir íþróttastarf og æfingar í gær 4. maí og eru langflestir krakkarnir að skila sér aftur á æfingar.

Viðurkenningar

Á íþróttarhátíð Kópavogs sem haldin var í janúar 2020 voru meðal annars veittar viðurkenningar fyrir góðan árangur í sundi. Þar heiðraði stjórn Breiðabliks íþróttakonu og íþróttakarlflestar deildar. Vert er að minnast á að Patrik Viggó var valinn íþróttakarlflestar Breiðabliks. Sem ómetanleg viðurkenning fyrir Sunddeils Breiðabliks.

4. maí 2020

Bryndís Sigurðardóttir, formaður

Ársskýrsla Taekwondodeildar Breiðabliks



2019 var mikilvægt og stórt ár fyrir Taekwondodeildina þar sem mörgum langþráðum markmiðum var náð. Deildin fagnaði 10 ára afmæli og haldið var bæði fjölmennasta almenna beltapróf frá upphafi (45 þátttakendur) ásamt því sem fjölmennasta svartabeltispróf frá upphafi var haldið (6 þátttakaendur). Alls tóku 5 nemendur 1. dan & 1 nemandi 2.dan.

Haldin voru tvö beltapróf á árinu með mikilli þátttöku.

Mikil aðsókn nýrra og eldri nemenda gerði það að verkum að fjölga þurfti

æfingum um helming og skipta þurfti upp hópunum. Þessari fjölgun fylgdu aukin kaup á æfingabúnaði og hlífðarbúnaði ásamt auknu álagi á þjálfara.

Enn býr deildin við aðstöðuleysi sem hamlar þátttöku deildarinnar á mótum, stækkun og frekara skipulag æfinga en deildin hefur aldrei verið fjölmennari.

Virðingarfyllst,
Hlynur Örn Gissurarson,
formaður Taekwondodeildar

Ársskýrsla Þríþrautardeildar Breiðabliks



Þríþrautardeild Breiðabliks er ein stærsta þríþrautardeild á Íslandi og eru skráðir iðkendur vel yfir 100. Síðasti aðalfundur var haldin 13. mars 2019

Á aðalfundi Þríþrautardeildar Breiðabliks 2019, voru eftirfarandi aðilar kjörnir í stjórn:

Formaður: Rannveig Anna Guicharnaud

Varaformaður: Margrét J. Magnúsdóttir

Gjaldkeri: Margrét Ágústsdóttir

Ritari: Guðmundur Ingi Guðmundsson

Meðstjórnendur:
Viðar Bragi Þorsteinsson
Friðrik Guðmundsson
Ragnheiður Sverrisdóttir

Starfsemin

Þríþrautardeild Breiðabliks hefur síðastliðið ár verið með aðsetur í sundlaug Kópavogs og í Sporthúsinu. Starfsemin hefur verið með nokkuð hefðbundnu sniði síðastliðið ár. Við höfum verið með hjólaæfingar í sporthúsinu í samvinnu við Hjólreiðadeild Breiðabliks.

Árangur

Íslandsmeistari í kvennaflokki:
Rannveig Anna Guicharnaud,
Íslandsmeistari í Ólympískri þraut og ofursprettþraut

Íslandsmeistari í karlaflokki:
Sigurður Örn Ragnarsson,
Íslandsmeistari í Ólympískri þraut og ofursprettþraut

Bikarmeistarar í karla- og kvennaflokki:
Sigurður Örn Ragnarsson og Guðlaug Edda Hannesdóttir

Þjálfarar og Þjálfarastefna

Þjálfun Þríþrautarinnar var aðallega í höndum Hákon Hrafn Sigurðssonar og Viðars Braga Þorsteinssonar. Hákon Jónsson sá um þjálfun garpa árið 2019 en Sigurður Örn Ragnarsson hóf störf hjá okkur sem sundþjálfari þríþrautarinnar haustið 2019. Hákon Hrafn Sigurðsson lét af störfum 1. Desember 2019. Fleiri þjálfarar hafa komið að þjálfun deildarinnar og hafa leyst verkefni sín með sóma. Má þar m.a. nefna Halldóru G. P. Matthíasdóttur, Friðrik Guðmundsson, Guðmund Inga Guðmundsson og Margréti Ágústsdóttur

Viðburðir félagsins

- Ekki-æfing- fössari var haldið 2x á árinu og stóðu félagsmenn að þeim viðburði þar sem var easy skokk, pítsa og skemmtilegheit.
- Aðalfundur 13. Mars 2019
- Uppskeruhátíð 1. Febrúar 2019 hverjir fengu viðurkenningar? Keppnistímabilið 2018
- Þríþrautardagur haldinn í maí, í kópavogi, hjól, sund, skokk, fyrirlestur Bjartur hjá optimized performans.
- Þríþrautardagur haldinn í ágúst á Akranesi, hlaup, sjósund. Fyrirlestur Sigurðar, næring æfingar og keppnir
- Fundur með þjálfurum og iðkendum var haldinn um haustið þar sem farið var yfir æfingaprógramið sem og fyrirkomulagið í vetur.
- Uppskeruhátíð var haldin 18. Október þar sem veittar voru viðurkenningar fyrir keppnistímabilið 2019
- Haldinn var fyrirlestur þar sem æfingaforritið training peaks var kynnt fyrir byrjendur og skoðað hvernig gagnasöfnunin þar getur gefið þér góða sjónræna mynd af æfingarferlinu hjá iðkanda.
- Okkar árlega aðventuhjól var haldið 22. Desember en þar var hlustað á Aðventu Gunnars Gunnarssonar 7 árið í röð og jólaglögg, kökur og kósý heit í lokin.
- Okkar frábæra þríþrautarkona Guðlaug Edda Hannesdóttir kom og var með hjólaæfingu fyrir hópinn sem og fræddi iðkendur um hvernig það er að vera afrekskona í þríþraut.
- Hákon Jónsson hélt sín frábæru skriðsundnámskeið

Garpar héldu viðburði fyrir sinn hóp innan þríþrautardeildarinnar:

- Skemmtidagur í júní með sjósundi og brunch
- Sjóbað í hvalfirði
- Jólagleði í desember

Keppnir

- Kópavogsþraut og fjölskylduþraut var haldin 12. maí en þrautin er ofursprettþraut, 400m sund/10,3m hjól/3,5km hlaup, keppt var í byrjenda- og almennumflokki í karl- og kvennaflokki. Í ár var met þátttaka í kópavogsþrautina.
- Við héldum okkar árlegu Firmakeppni Íslands í þríþraut 8. september en þar keppa fyrirtækji sín á milli í ofursprettþraut. Firmakeppnin er ein helsta fjáröflun þríþrautardeildarinnar og var metþátttaka í ár.
- Garpar héldu innanfélagsmót þann 27. September.
- Okkar árlega Þorláksmessusund var á sínum stað og seldist upp á 2 dögum.

Fundir

Stjórn þríþrautardeildarinnar fundar 1x í hverjum mánuði yfir æfingatímabilið og oftast ef þörf krefur.

Starfið í ár hefur verið mjög metnaðarfullt og skemmtilegt. Margir nýliðar hafa bæst í hópinn og eldri iðkendur haldið áfram af eldmóð. Eins og í öllu félagsstarfi þá verða mannabreytingar en Rannveig Anna Guicharnaud sagði sig frá störfum sem formaður deildarinnar í september og varaformaður, Margrét J. Magnúsdóttir, tók við embætti formanns. Þökkum við henni fyrir vel unnin störf.

Rannveig Anna Guicharnaud,
formaður Þríþrautardeildar.

